

# ÍSLENSK VÖTN

ICELANDIC FRESH WATERS

## 1



### E F N I :

Vatnamælingar — sögulegt yfirlit .....	bls. 9	Vatnasvið Íslands og stærstu ár .....	bls. 37
Vatnsfallategundir, veðurfar og jarðmyndun ..	20	Vatnshæðarmælar og rit um vötn .....	„ 41
Jökulvötn .....	„ 23	Niðurstöður mælinga .....	„ 72
Dragár .....	„ 27	Afrennsliskort .....	„ 124
Lindár .....	„ 28	Mælinákvæmni .....	„ 125

*English texts and summaries*

RAFORKUMÁLASTJÓRI — VATNAMÆLINGAR

REYKJAVÍK

RAFORKUMÁLASTJÓRI  
VATNAMÆLINGAR

*THE STATE ELECTRICITY AUTHORITY  
HYDROLOGICAL SURVEY*

# ÍSLENZK VÖTN

*ICELANDIC FRESH WATERS*

1

EFTIR

BY

SIGURJÓN RIST

REYKJAVÍK 1956

*Litróf, Reykjavík, gerði myndamótin.*

*Printed in Iceland*

PRENTSMÍÐJAN ODDI H.F.

## FORMÁLI

Vatnamælingar raforkumálastjórnarinnar hófust árið 1947 og hafa því nú staðið í hér um bil 10 ár. Um aðalverkefni vatnamælinganna og um það, hvernig þær skrá og birta niðurstöður mælinga sinna, gefur eftirfarandi upptalning nokkra hugmynd.

### 1. Tilgangur vatnamælinganna er:

#### A. Að mæla

- a) rennsli vatna,
- b) vatnshæð,
- c) aurburð og efnainnihald,
- d) dýpi stöðuvatna,
- e) ís og snjó,
- f) vatnshita o. fl.

#### B. Gera skrá um fallvötn landsins.

### 2. Hvernig mælingarnar eru skráðar:

#### A. Frumgögn:

- a<sub>1</sub>) Vatnshæðarbækur gæzlumanna.
- a<sub>2</sub>) Línurit siritandi vatnshæðarmæla.
- b) Rennslismælingabækur.
- c) Lyklar, þ. e. samband rennslis og vatnshæðar.

#### B. Úrvinnsla á skrifstofu:

- a<sub>1</sub>) Safnblöð, þ. e. rennslið í milljónum tengingsmetra lagt saman frá degi til dags.
- a<sub>2</sub>) Safnlínur.
- a<sub>3</sub>) Jöfnunarlínur.
- b<sub>1</sub>) Langæisblöð.
- b<sub>2</sub>) Langæislínur.
- c) Ýmis konar einkennisatriði, sbr. kaflann 1.32 hér í bókinni.

### 3. Hvernig vatnamælingarnar birta niðurstöður:

#### A. Einstaklingum, svo sem virkjunarsérfræðingum, sem þurfa á upplýsingum að halda við virkjunaráætlun o. þ. h., eftir sérstakri beiðni í hvert sinn.

- a<sub>1</sub>) Safnblöð af stærðinni A4, sex mánuðir á hverju blaði; ljósmyndun.
- a<sub>2</sub>) Safnlínur eða hlutar úr þeim, hæð 75 cm, 2 sólarhr. í mm lengdar; ljósprent.
- a<sub>3</sub>) Jöfnunarlínur á blöðum af stærðinni A3, allt að 10 árum á sama blaði; ljósprent.

- b) Langæislínur af stærðinni A4; ljósprent.
- c) Einkennisatriði, svo sem árs- og mánaðameðaltöl, hæstu og lægstu gildi o. s. frv.; ljósmyndir og ljósprent af stærðinni A4.

#### B. Í tímaritum og blöðum birta vatnamælingar ýmsar almennar og tækifærisbundnar upplýsingar um rennsli íslenskra fallvatna, óreglulega og eftir atvikum.

#### C. Í sérstakri útgáfu undir titlinum „Íslensk vötn“, sem hefst með þessari bók, verða birtar ýmsar almennar niðurstöður mælinga og ýmis konar upplýsingar um vötn landsins, sem einnig eiga erindi út fyrir hinn þrönga hóp sérfræðinga og vísindamanna.

Hin fyrsta bók þessarar útgáfu kemur út undir titlinum „Íslensk vötn 1“ og rekur sögu og aðdraganda kerfisbundinna vatnamælinga hér á landi. Ennfremur er sett fram stutt ágríp af veðurfarslýsingu og jarðmyndunarsögu landsins og gerð nokkur grein fyrir aðaltegundum straumvatna. Er sá þáttur hér settur í því skyni meðal annars, að auðvelda lesendum þessarar bókar og þeirra, sem á eftir koma, að fara sér í nyt þær tölur um rennslið og niðurstöður mælinga, sem birtar eru. Síðari bækur „Íslenskra vatna“ munu væntanlega fjalla hver um sig um eitt eða fleiri sérstök verkefni, svo sem rennslisjöfnun, aurburð, efnagreiningu vatns, stöðuvötn, einstök vatnakerfi o. s. frv., jafnframt því að birta rennsliskýrslur, eftir því sem ástæða þykir til.

Í þessari bók eru kaflar tölusettir á sérstakan hátt, nefnilega með tölunum 1. 1, 1. 2, 1. 3 o. s. frv., upp í 1. 58, sem er síðasti kaflinn. Fremsti tölustafur í hverju kaflanúmeri táknar, að kaflinn sé í „Íslenskum vötnum 1“. Köflum í næstu bók er því ætlað að bera einkennisstafina 2. 1, 2. 2 o. s. frv.

Höfundur þessarar bókar, Sigurjón Rist, er fyrsti vatnamælingamaður raforkumálastjórnarinnar, og hefjast með starfi hans reglubundnar vatnamælingar hér á landi. Áður hafði rennsli vatns að vísu verið mælt nokkuð hér og þar og á ýmsum tímum, svo sem höfundurinn lýsir í hinu sögulega yfirliti bókarinnar, en varla um reglubundnar mælingar að ræða, sem að gagni koma, nema á örfáum stöðum. Vatnamælingarnar eru því miklu yngri hér á landi en í öðrum löndum.

Frankvæmd vatnamælinga er einnig erfiðari hér en víðast annars staðar, bæði sökum strjálbýlis landsins og erfiðrar veðráttu og takmarkaðra samgangna mikinn hluta árs. Bæði vatnamælingamaðurinn, Sigurjón Rist, og þeir bændur ýmsir, sem lesa reglubundið á vatnshæðarkvarðana, hafa oft og einnig lagt á sig

mikið erfiði og sýnt dugnað og harðneskju í vetrarferðum og í fangbrögðum við vatn, snjó og ís í vetrarhörkum. Ber að þakka þessum mönnum öllum þrautseigju þeirra og ósérplægni í vatnamælingastörfum þeirra.

JAKOB GÍSLASON.

## SUMMARY

*In the preface the Director General gives an account of the field of hydrologic survey started in this country about 10 years ago by the State Electricity Authority. The main tasks are measurements of stream-flow, gauge heights, sediment load, the depth of lakes, temperature, ice and snow, as well as investigation of the quality of water.*

*The results of such measurements are made known:*

*A. Upon request to individuals, such as engineers requiring information necessary for schemes for the construction of power plants, etc.*

*a<sub>1</sub>) Summation records — daily discharge in 10<sup>6</sup>m<sup>3</sup> — each sheet covering six months. Photocopies DIN A4.*

*a<sub>2</sub>) Summation curves, complete or in part, height 75 cm, 1 mm length covering 2 days. Photoprints.*

*a<sub>3</sub>) Regulation curves, each sheet covering up to 10 years. Photoprints DIN A3.*

*b) Duration curves. Photoprints DIN A4.*

*c) Characteristic monthly and yearly run-off, min and max, etc. Photocopies DIN A4.*

*B. In periodicals and papers occasional news are published.*

*C. A special publication "Icelandic Fresh Waters", beginning with this book, will contain various information and measurements of streams and lakes which are of interest to more than the narrow group of specialists and scientists.*

*The first book in this series "Icelandic Fresh Waters I" contains a brief summary of the country's climate and geological conditions and a short description of the main types of streams. This is for the purpose of giving the readers a better understanding of the figures.*

*Each of the books to be published in this series of "Icelandic Fresh Waters" will deal with one or more special subjects, such as regulations, sediment load, investigation of the quality of water, lakes, drainage net, etc. Some records of stream-flow will also be included.*

*The author of this book, Mr. S. Rist, is the first hydrological surveyor of the State Electricity Authority, his work marking the beginning of systematic hydrologic measurements in this country. Prior to this work some measurements of the flow of water had been made in some places, but of useful, systematic measurements very little was available. Hydrologic measurements are therefore much younger in this country than elsewhere.*

*The execution of hydrologic survey is rendered more difficult in this country than elsewhere by rigorous climate, lack of communication in winter and the fact that the country is thinly populated. During their travels in severe winters, hydrologist S. Rist and the farmers in charge of the water gauges, have frequently been exposed to hardship and toil as they came to grips with ice, snow and water. Thanks are due to all these men for their perseverance and devotion to their work.*

## EFNISSKRÁ

Formáli .....	Bls. 3
Efnisskrá .....	— 5
Myndaskrá .....	— 8
VATNAMÆLINGAR — SÖGULEGT YFIRLIT .....	— 9
1.1 Inngangsorð .....	— 9
1.2 Forsaga .....	— 9
1.3 Eggert og Bjarni, 1752—1757 .....	— 9
1.4 Sveinn Pálsson, 1791—1797 .....	— 9
1.5 Þorvaldur Thoroddsen, 1881—1898 .....	— 10
1.6 Amund Helland 1881 .....	— 10
1.7 Mælt í fyrsta sinn fyrir rafmagnsvirkjun, 21. október 1894 .....	— 11
1.8 Bændavirkjanir .....	— 12
1.9 Erindi Jóns Þorlákssonar 16. janúar 1917 .....	— 12
1.10 Fossar á Íslandi, erindi G. Hlíðdals 1. maí 1917 .....	— 13
1.11 Fossanefndin 1917—1919 .....	— 15
1.12 Vegamálastjóri verkfræðilegur ráðunautur .....	— 17
1.13 Grundvöllur lagður að núverandi vatnamælingum .....	— 17
1.14 Niðurlagsorð .....	— 18
VATNSFALLATEGUNDIR, VEÐURFAR OG JARÐMYNDUN .....	— 20
1.16 Inngangur .....	— 20
1.17 Bergvötn og jökulvötn .....	— 20
1.18 Veðurfar .....	— 20
1.19 Jökulvötn .....	— 23
1.20 Jarðmyndun .....	— 25
1.21 Dragár .....	— 27
1.22 Lindár .....	— 28
1.23 Stöðuvötn .....	— 28
1.24 Íslensk vötn — yfirlit .....	— 30
VATNASVIÐ ÍSLANDS OG STÆRSTU ÁR .....	— 37
1.25 Vatnasvið og vatnaskil .....	— 37
1.26 Aðalvatnsföll .....	— 39
1.27 I.-þverár .....	— 39
1.28 II.-þverár .....	— 40
VATNSHÆÐARMÆLAR OG RIT UM VÖTN .....	— 41
1.29 Inngangur .....	— 41
1.30 Skýrsla .....	— 44

NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA .....	Bls.	72
1. 31 Inngangur .....	—	72
1. 32 Merking tákna .....	—	74
1. 33 Niðurstöður Hvalfjörður—Borgarfjörður .....	—	76
1. 34 .. Borgarfjörður—Snæfellsnes .....	—	78
1. 35 .. Dalir—Saurbær .....	—	80
1. 36 .. Geiradalur—Arnarfjörður .....	—	82
1. 37 .. Arnarfjarðarbotn .....	—	84
1. 38 .. Arnarfjörður—Skötufjörður .....	—	86
1. 39 .. Mjóifjörður—Hrútafjörður .....	—	88
1. 40 .. Miðfjörður—Vatnsdalur .....	—	90
1. 41 .. Ásar—Blönduhlíð .....	—	92
1. 42 .. Hjaltadalur—Bárðardalur .....	—	94
1. 43 .. Aðaldalur—Mývatnssveit .....	—	96
1. 44 .. Axarfjörður—Melrakkaslétta .....	—	98
1. 45 .. Þistilfjörður—Vopnafjörður .....	—	100
1. 46 .. Jökuldalur—Lagarfljót .....	—	102
1. 47 .. Útmanasveit—Skriðdalur .....	—	104
1. 48 .. Borgarfjörður eystri—Hornafjörður .....	—	106
1. 49 .. Nes—Suðursveit .....	—	108
1. 50 .. Breiðamerkursandur—Skeiðarársandur .....	—	110
1. 51 .. Fljótshverfi—Fljótshlíð .....	—	112
1. 52 .. Rangárvellir—Þjórsá .....	—	114
1. 53 .. Landmannaafrettur—Kerlingarfjöll .....	—	116
1. 54 .. Ölfus—Biskupstungur .....	—	118
1. 55 .. Biskupstungur—Hveragerði .....	—	120
1. 56 .. Kaldárvatn—Kjós .....	—	122
1. 57 Afrennsliskort 1/s km <sup>2</sup> .....	—	124
.. Mælinákvæmni .....	—	125
1. 58 Heimildaskrá .....	—	126

## TABLE OF CONTENTS

	Page
<i>Preface</i> .....	3
<i>Table of contents</i> .....	5
<i>Table of figures</i> .....	8
 <i>HYDROLOGIC SURVEY — HISTORIAL SUMMARY</i> .....	 9
1.15 <i>English Summary</i> .....	18
 <i>TYPES OF STREAMS, CLIMATE AND GEOLOGICAL FORMATION</i> .....	 20
1.16 <i>Introduction</i> .....	30
1.17 <i>Non-Glacier Fed and Glacial Streams</i> .....	30
1.18 <i>Climate</i> .....	31
1.19 <i>Glacial Streams</i> .....	32
1.20 <i>Geology</i> .....	33
1.21 <i>Direct Run-off Rivers</i> .....	34
1.22 <i>Spring-Fed Rivers</i> .....	34
1.23 <i>Lakes</i> .....	35
1.24 <i>Icelandic Fresh Waters — General Review</i> .....	36
 <i>ICELAND'S DRAINAGE NET AND LARGEST STREAMS</i> .....	 37
1.25 <i>Drainage Net</i> .....	38
1.26 <i>Main Streams</i> .....	39
1.27 <i>Tributary Streams of 1st Order</i> .....	39
1.28 <i>Tributary Streams of 2nd Order</i> .....	40
 <i>GAUGING STATIONS AND LITERATURE ON FRESH WATERS</i> ...	 41
1.29 <i>Introduction</i> .....	41
1.30 <i>Report</i> .....	44
 <i>RESULTS OF STREAM-FLOW MEASUREMENTS</i> .....	 72
1.31 <i>Introduction</i> .....	73
1.32 <i>Symbols</i> .....	74
1.33—1.56 <i>Results</i> .....	76
1.57 <i>A drainage map</i> .....	124
„ <i>Accuracy</i> .....	125
1.58 <i>List of References</i> .....	126



## MYNDASKRÁ

Kápu mynd: Tungnaá við Vestur-Bjalla. Photo S. Rist.	
1. 18-1 Hæð Íslands yfir sjó .....	Bls. 21
1. 19-1 Jöklar og jökulár .....	— 21
1. 19-2 Jökulvatn .....	— 25
1. 20-1 Berggrunnur Íslands .....	— 26
1. 20-2 Þversnið af berggrunni .....	— 26
1. 21-1 Dragá .....	— 28
1. 22-1 Lindá .....	— 29
1. 24-1 Greining íslenskra vatna .....	— 30
1. 25-1 Röðun vatnsfalla .....	— 37
1. 25-2 Vatnaskil og vatnasvið .....	— 38
1. 28-1 Stærð og tala vatnasviða .....	— 40
1. 29-1 Vatnshæðarmælar .....	— 41
1. 29-2 Vatnasvið ofan vatnshæðarmæla .....	— 42
1. 30-1 Vatnshæðarmælistaður .....	— 43
1. 30-2 Síritarabyrgi .....	— 43
1. 31-1 Rennslishættir .....	— 72
1. 31-2 Rennslishættir .....	— 73
1. 57-1 Afremsliskort .....	— 124

## TABLE OF FIGURES

<i>On cover: Tungnaá at Vestur-Bjallar. Photo S. Rist.</i>	
1. 18-1 Altitudes .....	Page 21
1. 19-1 Glaciers and glacier rivers .....	— 24
1. 19-2 A typical glacier river .....	— 25
1. 20-1 The bedrock of Iceland .....	— 26
1. 20-2 A cross-section of the bedrock .....	— 26
1. 21-1 A typical direct run-off river .....	— 28
1. 22-1 A typical spring-fed river .....	— 29
1. 24-2 Definition of Icelandic fresh waters .....	— 36
1. 25-1 Order of streams .....	— 37
1. 25-2 Drainage nets .....	— 38
1. 28-1 Size and number of drainage areas .....	— 40
1. 29-1 Gauging stations .....	— 41
1. 29-2 Drainage areas above gauging stations .....	— 42
1. 30-1 Gauging station .....	— 43
1. 30-2 Gauge shelter .....	— 43
1. 31-1 Run-off characteristics .....	— 72
1. 31-2 Run-off characteristics .....	— 73
1. 57-1 A drainage map .....	— 124

# Vatnamælingar

## Sögulegt yfirlit

### *Hydrologic Survey — Historical Summary*

#### INNGANGSORÐ.

1. 1. Raforkulögin frá 1946 mæla svo fyrir<sup>1</sup>: „Raforkumálastjóri hefur umsjón með vatnsrennismælingum í fallvötnum landsins“. Og veitir Alþingi ár hvert ákveðna upphæð á fjárlögum til mælinganna.

Sýslan sú, að mæla fallvötn landsins, hefur hlotið heitið *vatnamælingar*. Einstök mæling er aftur á móti nefnd *vatnsmæling*. Tekjurnar, sem vænt er að vatnamælingarnar skili til þjóðarbúsins, eru allhliða aukin þekking á vötnum landsins. Orðið „vötn“ er notað jöfnum höndum um ár, fljót og stöðuvötn.

Vatnamælingar eru gjörólíkar þeim mælingum, sem hægt er að ljúka á skömmum tíma og í eitt skipti fyrir öll. Samfelldar rennislathuganir þurfa að ná yfir langt árabíll, svo að gjörlegt sé að svara öllum spurningum, sem nauðsyn er að öðlast greið svör við, þegar leysa skal úr læðingi þá orku, sem bundin er í fallvötnum. Þrjátíu ár eða einn mannsaldur er ekki langur tími til að afla slíkrar vitneskju. Þeir, sem bera ábyrgð á framvindu verklegra athafna, geta ekki beðið eftir slíku. Er því talið rétt, þótt mælingum á fallvötnum Íslands sé ennþá skammt á veg komið, að birta þann fróðleik og þær niðurstöður, sem þegar eru fengnar, enda er hér um að ræða grundvallar vitneskju um einn aðalafgjafa þjóðarbúsins.

#### FORSAGA.

1. 2. Saga íslenzkra vatna hefst þegar á landnámsöld. Í Landnámu<sup>2</sup> koma fram nöfn fjölmargra vatna, sem þau bera enn í dag, og merking þeirra er hverjum manni auðskilin.

Erlendis eru sagnir af ám aftan úr grárrí forneskju, sökum þess hve þær eru góðar samgönguleiðir, raunverulegar lífæðar og brautir menningarstrauma. Hér á landi skýtur heldur skökku við, því að sagnir og þekking á íslenskum ám eiga rætur sínar að rekja til þess, hve þær eru illur þrándur í götu ferðamannsins. Þetta kemur glöggt fram í erlendum ferðabókum um Ísland. Allt frá því er ritun þeirra bóka hófst, getur þar hvarvetna að líta setningar eitthvað á þessa leið: „Þar á landi eru ár stuttar og straumharðar, vatnsmiklar og illar yfirferðar, enda óbrúaðar.“ Lýsingin er rétt ennþá, ef orðin „enda óbrúaðar“ eru felld niður.

#### EGGERT OG BJARNI.

1. 3. Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar<sup>3</sup>, sem kom út í Kaupmannahöfn 1772, er hin fyrsta heildarlýsing á náttúru landsins. Þar eru vötnum gerð allrækileg skil. Þeir félagar þurftu að berjast við hjátrú manna og hindurvitni um vatnaskrímsli og aðrar ókindur, svo vart er að vænta verulegra lýsinga á stærð og rennsli vatnsfalla. Þeir leituðust við að glæða áhuga á veiði í ám og stöðuvötnum, en hún var á þeim tíma þau einu not, sem unnt var að hafa af vötnum.

#### SVEINN PÁLSSON, LÆKNIR Í VÍK.

1. 4. Skömmu síðar eða 1791–1797 ritaði Sveinn Pálsson dagbækur sínar og Jöklaárið. Fáir báru þá skyn á, hve gagnmerkar skoðanir Sveinn setti fram um hreyfingu og eðli jökulíssins, og var því ritverkið látið liggja í handriti og aðeins orfáir vísindamenn vissu um það og höfðu aðstöðu til að kynna sér það. Það er fyrst röskum 100 árum síðar, með ritum Þorvalds Thoroddsens<sup>4</sup>, að Íslendingum urðu athuganir Sveins kunnar að ráði.

Í Jöklaáritinu<sup>5</sup> skiptir Sveinn vatnsföllumum í tvo flokka: *bergvötn* og *jökulvötn*, eins og alþýða landsins hafði þá þegar gert. Hann lýsir eiginleikum hvors flokks fyrir sig. Telur hann sameiginlega eiginleika jökulvatna vera þrjá, en jökulánum kynntist hann gjörla á ferðum sínum vítt yfir vötn og sanda. Nefnir hann þar fyrst mjólkurlitinn og í öðru lagi hinn nístandi kulda og þriðja sameiginlega eiginleikann telur hann sandbleytuna. Um kuldann segir Sveinn meðal annars:

„Ísskæni myndast eftir einnar nætur frost fram með jökulkvíslum, þótt bergvatnsár af svipaðri stærð þoli óslitið frost dögum saman. Auk þessa getur að líta þrenns konar fyrirbrigði í jökulánum af völdum frostsins, löngu fyrr en þau koma fram í bergvatnsánum, sem sé *krapaför*, *grunnstingul* og *ágang*, eins og þau nefnast hér á landi.“

Síðan lýsir Sveinn þessum fyrirbærum og leggur þar með grundvöllinn að nafnaskipan íss í straumvötnum.

„*Krapaför* eða *skrið*, sem sumir kalla svo, er ekkert annað en ísnálar eða fleinar, er setjast á yfir-

borð vatnsins alls staðar þar sem straumur er minnstur, einkum í kyrru frostveðri og berst í stórum kögglum niður eftir ánni, eins og feiknum al lausasnjó hafi verið dýngt í hana.

*Grunnstingull* er eins kenar íshröngl, sem sett fyrir á sjálfum árbotninum í miklu frosti. Grunnstingullinn byrjar þannig, að misstórar íspynnur setjast hlið við hlið í straumstefnuna á sérhvern stein í botninum í lóðréttum röðum líkt og skegg, er fleiri og fleiri íspynnur setjast utan í og ofan á, unz botninn er alsettur íshröngli, og getur því meira að segja skotið upp úr vatninu, ef frostið er langvint.

*Ágangur* nefnist það, er árnar bólgna upp, eða þær leggur þannig að vetrarlagi, aðallega vegna grunnstingulsins, að vatnið hlýtur að brjótast úr farvegi sínum og flæða yfir bakkana.“

Þetta var örlítið sýnishorn af athugunum Sveins Pálssonar.

#### ÞORVALDUR THORODDSEN.

1. 5. Þorvaldur Thoroddsen skrifar í Íslandslýsingu sína rækilega þætti um ár og stöðuvötn og leysir þar með af hólmi Ferðabók Eggerts og Bjarna. Í þættinum um árnar kemst Þorvaldur þannig að orði:

„Því miður eiga menn nærri engar athuganir um vatnsmegin og leðjuefni í íslenskum ám, og mundi það þó hafa verklega og vísindalega þýðingu, ef slíkt væri rannsakað.“

Það var í júní 1908 sem hann gekk frá bókinni.<sup>38</sup>

Þorvaldur segir „nærri engar“ en ekki „engar“, og mun því valda hin eina rannsóknarferð, sem helguð hafði verið þessu viðfangsefni, en það var ferð norska jarðfræðingsins, prof. Amund Hellands, sumarið 1881, og á hann minnst Þorvaldur í Lýsingu Íslands og Landfræðisögunni.<sup>4</sup>

#### AMUND HELLAND 1881.

1. 6. Norski jarðfræðingurinn tók sér fyrir hendur að mæla rennslið úr Vatnajökli og athuga aurburð jökulanna.

Helland kom til Seyðisfjarðar um mánaðamótin júní—júlí 1881 og lagði leið sína upp á Fljótsdalshérað að Jökulsá í Fljótsdal. Hélt þaðan norður í land, suður Sprengisand og nokkru síðar austur með jöklinum að sunnan, allt austur að Jökulsá í Lóni og þar með var hringferðinni um jökulinn raunverulega lokid, því að á milli nefndra áa fellur ekkert vatn úr jöklinum. Hann mældi allar ár, sem falla úr Vatnajökli, að vísu lauslega og sumar allfjarri jöklinum. Niðurstöður sínar birti Helland í norsku vísindaritit<sup>6</sup> og eru þær á þessa leið:

	Rennsli m <sup>3</sup> /s	Aurburður gr/m <sup>3</sup>	Aurburður 10 <sup>3</sup> kg á sólarhring
<i>Jökulsá í Fljótsdal</i> . . . . .	120		
<i>Jökulsá á Brú, hjá Hákonarstöðum</i> . . . . .	97	975	8171
<i>Jökulsá á Fjöllum, Grímsstaðalferja</i> . . . . .	450	600	23328
<i>Skjálfafljót, hjá Stóruvöllum</i> . . . . .	105		
<i>Tungnaá og Kaldakvísl</i> . . . . .	200		
<i>Skaftá</i> . . . . .	40		
<i>Hverfisfljót</i> . . . . .	30		
<i>Djúpa</i> . . . . .	20		
<i>Núpsvötn</i> . . . . .	110	318	3012
<i>Nýtt vatnsfall á Skeiðavársandi</i>	15	1509	1956
<i>Skeiðará</i> . . . . .	150	570	7387
<i>Svínafellsá, Virkisá, Kotá, . . . .</i>	20		
<i>Stigá, Hólá, Kvía, Hrutá, Deildará, Fjallsá, Breiðá</i> . . . . .	60		
<i>Jökulsá á Breiðamerkursandi</i> . . . . .	120	1876	19450
<i>Steinavötn, Heinabergsvötn, Hólmsá</i> . . . . .	80		
<i>Hornafjarðarfljót</i> . . . . .	30		
<i>Jökulsá í Lóni</i> . . . . .	30		
Samtals	1677 m <sup>3</sup> /s		

eða 145 milljónir teningsmetra vatn á sólarhring með 112 þúsund tonn af steinefnum.

Þetta var ekki fullnægjandi, Helland vildi vita, hvað mikið af steinefnum árnar flyttu fram á einu ári, en til þess varð hann fyrst að gera sér grein fyrir, hve heildarrennslið úr jöklinum væri mikið á ári. En þá var nauðsynlegt að þekka ársúrkomuna og stærð jökulsins. Helland reiknaði jökulinn 8500 km<sup>2</sup> eftir korti Björns Gunnlaugssonar, nálegt því sem síðari mælingar sýna. Hvað viðvikur úrkomunni, studdist hann við veðurathugunarstöðina á Djúpavogi, sem var þá 9 ára gömul, sett á laggirnar 1872. Meðal ársúrkomun var 1007 mm<sup>1)</sup>. Lokaniðurstöður Hellands eru þær, að rennslið úr Vatnajökli sé 20 þús. milljónir teningsmetra vatns á ári með 15 milljónir smálesta af steinefnum.

Síðari athuganir benda í þá átt, að rennslið sé nú til muna meira úr jöklinum, en þar með er ekki sagt, að niðurstöður Hellands séu rangar. Sumarið 1881 var mjög kalt,<sup>8</sup> hiti um 2° C undir meðallagi. Á þessum árum tók veðurfarið snöggum breytingum. Sumarið áður var óvanalega heitt, en veturinn 1880—1881 var

1) Teigarhorn, meðalúrsk. 1901—'30 1256 mm á ári.

frostavetur hinn mesti og í janúar rak hafis upp að landi og allt suður að Reykjanesi. Á árunum fyrir aldamótin gengu jöklarnir fram, en það er afleiðing þess, að ákoman er meiri en leysingin. Veðurskýrslur benda til þess, að leysingin hafi verið lítil á jöklunum sumarið 1881. Mesta eftirtækt vekur mæling Jökulsár á Brú, rennslíð er aðeins 97 m<sup>3</sup>/s þótt komið sé fram í júlí (4. júlí). Af veðurskýrslum má ráða, að stöðug næturfrost hafa verið inni á Brúarjökli, en á meðan er lítið í Jöklu, en svo nefna innanhéraðsmenn hana. Venjulegt sumarvatn nú síðari ár er um 300 m<sup>3</sup>/s. Rennslíð í Jökulsá á Fjöllum, 450 m<sup>3</sup>/s, er ekki óal-gengt sumarvatn. En megnið af vatninu, sem Helland mældi, er að öllum líkindum ekki komið úr jöklinum, heldur af öræfallákunum norðan jökulsins, sem liggja undir 700 m hæð. Í venjulegu árferði er snjór horfinn þar og orðið þurr um, þegar komið er fram í júlí.

Jarðfræðingurinn lét ekki hér við sitja. Hann hafði lagt lykkju á leið sína vestur á bóginn, allt til Reykjavíkur og mælt á þeirri leið:

*Þjórsá* á ferjustaðnum í Þjórsárholti, 542 m<sup>3</sup>/s, 73 gr. steinefna í m<sup>3</sup>, þ. e. a. s. 3418 smál. á sólarhr.

*Hvítá í Árnessýslu*, í Ferjudal, nokkru neðan við Brúarhlöð, 157 m<sup>3</sup>/s, 36 gr. steinefna í m<sup>3</sup> þ. e. a. s. 190 smál. á sólarhr.

Niðurstöður Hellands eru nálægt venjulegu sumarvatni ána, eins og það hefur mælt á síðari árum og gott samræmi er á milli rennslisins í Þjórsá og Hvítá innbyrðis.

#### MÆLT Í FYRSTA SINN FYRIR RAFMAGNS-VIRKJUN, 21. OKTÓBER 1894.

1. 7. Þegar liða tók að aldamótunum síðustu, fóru framsýnir menn hér á landi að gera sér grein fyrir verðmæti því, sem fólgið væri í fossunum, það þyrfti aðeins að beizla þá, eins og það var kallað.

Árið 1894 kom Frímánn Arngrímsson málinu á dagskrá. Hann kom þá til höfuðstaðarins vestan frá Ameríku, þar sem hann hafði numið rafmagnsfræði og kynnt sér hagnýtingu vatnsfalls. Hann vildi fá Reykjavíkurbæ til að beizla Elliðaárna. Málið var rætt í bæjarstjórn. Blaðið Reykvikingur<sup>9</sup> rekur gang málsins. Það sem vikur að mælingu vatnsins er á þessa leið:

„*Vatnsmegnið í Elliðaánum*. Nefnd sú, er kosin var á bæjarstjórnarfundum 18. f. m. (október 1894) til þess að útvega upplýsingar um ýmislegt, er snerti rafmagnslýsingu í Reykjavík, hefur fengið hr. Sæmund Eyjólfsson til að mæla vatnsmegnið í ánum og hæð þeirra fossa, er helzt mætti ætla, að notaðir yrðu til að hreyfa rafmagnsvél. Nú hefur hr. Sæmundur Eyjólfsson lokið við þessar mælingar og gefið oss eftirlarandi skýrslu, er svo hljóðar:

Vatnsmegnið í Elliðaánum reyndist 365 tenings-

fet á sekúndu, eða 22.265 pund.<sup>1)</sup> Vatnsmegnið hlýtur að vísu að vera mjög mismunandi á ýmsum tímum, og því yrði að mæla fleirum sinnum á ári, til þess að geta vitað, hvað mikið það er að meðallagi. Eftir kunnugra manna áliti mun vatnsmegnið í ánum eigi hafa farið langt frá meðallagi er það var mælt 21. f. m.

Skorarhlysfoss í vestur ánni, vestur og niður undan Árbæ, er 20,7 fet á hæð, og væri því vatnskrafturinn þar 460.895 pundfet, eða hér um bil 960 hestöfl, ef allt vatnið væri látið renna í þann foss . . .”  
Ennfremur segir ritstjórnin, Valgarður Ó. Breiðfjörð:

„Af áhuga á málefnum fórum vér með hr. Sæm. Eyjólfssyni, er hann mældi vatnsmegnið í Elliðaánum og gleður það oss, að það er nú sýnt og sannað, að vatnsmegnið í ánum er yfirfljótanlega nóg til að lýsa götur og hita og lýsa upp öll húsi í Reykjavík.”

Það er gaman að veita því athygli, að hinn fyrsti vatnamælingamaður landsins, Sæmundur Eyjólfsson, bendir strax á þau óbyggjandi sannindi, að nauðsynlegt sé að mæla vatnsfall oft og mörgum sinnum, ef meðalrennslíð á að verða þekkt.

Þá er ekki síður eftirtektarvert, að 21. október, þegar hin fyrsta vatnsrennslismæling var framkvæmd, bar upp á *sunnudag*. Auðvitað hefur ekki þótt hlýða að dunda við slíkt á virkum degi.

Ekkert varð úr virkjunarframkvæmdum að sinni, allt verður að bíða síns vitjunartíma.

Árið 1752 hafði Skúli Magnússon landfógeti unnið brautryðjandastarf, er hann tók vatnsfallið í Elliðaánum í þjónustu iðnaðarins. Skúli setti þar niður þófaramyllu. Röskum tveim tugum ára síðar eða upp úr 1770, voru reistar myllur til kornmölunar á nokkrum stöðum við Breiðafjörð<sup>10</sup> og á Norðurlandi.<sup>11</sup> Þegar fram liðu stundir urðu myllur þekktar í flestum sveitum landsins<sup>12, 13, 14</sup> og <sup>15</sup>. Tími þeirra er nú liðinn. Það varð ekki hlutskipti Elliðaánna að marka á ný tímamót í sögu vatnsfallsins. Fyrsta rafstöðin hér á landi tók til starfa við Hamarskotslæk í Hafnarfirði 1904. Það kviknaði á fyrstu perunum 12. des. það ár. Nálægt tveim árum síðar var reist fyrsta rafstöðin til sveita, við Varmá í Hveragerði.

Virkjunarframkvæmdir þokuðust mjög hægt áfram í fyrstu. Því miður hafa engar niðurstöður vatnsrennslismælinga frá ám, sem virkjaðar voru á tveim fyrstu tugum aldarinnar, varðveitt, sem síðari tími gæti fellt inn í heilsteypt vatnakort landsins. Er slæmt, að þær skuli hafa glatazt, því að margir einstaklingar og félög hafa án efa unnið að þessum vatnsrennslis-

1) Þ. e. 11,2 m<sup>3</sup>/s.

athugunum af alúð og kostgæfni, hver á sínum stað. Þrátt fyrir erlíðar aðstæður má ætla, að þeir hafi öðlazi vitneskju um ýmsa eiginleika íslenskra vatna, sem ástæða hefði verið að halda til haga.

#### BÆNDAVIRKJANIR.

1. 8. Árið 1900 ritaði Valtýr Guðmundsson grein í Eimreiðina<sup>16</sup> undir fyrirsögninni „Aflíð í bæjarlækjunum“. Greinin er hugvekja til bænda og höfundurinn kennir þeim jafnframt að mæla lækki sína með svonefndri flotholtsaðferð. Ekki er annað sýna en að þetta sé í fyrsta sinn, sem vatnsmælingafræði eru boðuð hér á landi. Engin var rafsöðin og áhugi manna á málefnum dauður. Í greininni kemst Valtýr meðal annars þannig að orði:

„En vaknaðir eru menn þó ekki enn í þeim efnum, þó sumir séu farnir að rumskast og í svefnrofnum. Ef þeir væru vaknaðir, þá mundu þeir ekki láta allar þær ár og lækki, sem eru í hverri einustu landareign, vera alveg arðlausar og eyða afli sínu til ónýtis. Menn mundu þá taka sig til og leggja beizli við þessar ótemjur og knýja þær til að vinna fyrir sig.“

Og svo kom að því, loks eftir 10 ár, að bóndinn að Bildsfelli í Grafningi, Guðmundur Þorvaldsson, lagði við ótemju sína.<sup>17</sup> Til aðstoðar fékk hann sér Jóhannes Reykdal í Hafnarfirði, sem beizlað hafði Hamarskoislæk. Tanningunni að Bildsfelli lauk síðla hausti 1911.

Á stöku stað út um land vaknaði áhugi á einkarafstöðvum og urðu Skaftfellingar á því sviði rafmagnsmálanna eiginlegir brautryðjendur. Helgi Þórarinnsson að Þykkvabæ í Landbroti reið þar á vaðið árið 1913.<sup>18</sup> Hann fékk Halldór Guðmundsson rafmagnsfræðing frá Hvöli í Mýrdal til að reisa stöðina. Halldóri til aðstoðar var ungur bóndi, Bjarni Runólfsson í Hólmi í Landbroti. Kynni Bjarna af þessari nýlundu áttu eftir að hafa giftudrjúg áhrif á framgang rafmagnsmála til sveita. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika, einkum áhaldaleysi, smíðaði Bjarni vatnsvél og setti niður rafstöð hjá sér í Hólmi árið 1921 og í Svínadal í Skaftártungu 1925. Gnægð efnis hafði Bjarni, en ekki alltaf að sama skapi hentugt, járnámur hans voru skipsskrokkar á skaftfellsku fjörum. Bjarni var völundur hinn mesti, starfrækti smíðaskóla og mun hafa smíðað um 120 vatnsvélar á árumum 1921–1937 og snúast margar hverjar ennþá án afláts.<sup>18</sup>

Mælingar á mörgum þeim lækjum, sem fyrst voru virkjaðir, voru ónákvæmar og slíkt á sér því miður stað enn þann dag í dag. Af þeim sökum urðu sumar rafstöðvarnar nær gagnslausar, voru ætlaðar fyrir meira vatni en reyndist, er til átti að taka. Og á öðrum stöðum voru stöðvarnar of litlar, nokkur hluti

vatnsins rann stöðugt framhjá ónýttur, þótt heimilið væri orkuvana.

Bjarni í Hólmi átti í stöðugu stríði við ófullnægjandi upplýsingar um rennslið, þegar pantanir um vélar bárust úr Ijarlægum landshlutum.<sup>19</sup> Frá smíðunum varð hann að eyða dýrmætum tíma til mælinga, til þess að geta ratað hinn gullna meðalveg um val á stærð vatnsvéla. Þeir bændur, sem lögðu ekki fram þær upplýsingar, sem hægt var að veita heima fyrir og *adeins þar*, urðu að sjálfsögðu útundan eða áttu á hættu að fá alrangar vélastærðir.

Þeir, sem skildu mikilvægi raunhæfra og nákvæmra mælinga og höfðu framkvæmd og dug, mældu lækki sína sjálfir, því að þegar árið 1915 komu verkfræðingarnir Jón Þorláksson og Guðmundur Hlíðdal málefnum til hjálpar. Þeir skrifuðu rækilegar greinar, þar sem þeir kenndu bændum að mæla smáár og lækki með yfirfallsstíflum. Guðm. Hlíðdal skrifaði í 29. árg. Búnaðarritsins,<sup>20</sup> en Jón Þorláksson í Lögréttu 8. árg.<sup>21</sup> Síðan hafa Eiríkur Ormsson,<sup>22</sup> rafmagnseftirlit ríkisins og nú síðast raforkumálastjóri<sup>23</sup> gefið út leiðarvísu um handhægar mælingar á minni háttar vatnsföllum. En þrátt fyrir öll þessi skrif er sá hópur bænda æði stór, sem vill heldur, að í skrifstofum í Reykjavík sé gízkað á rennslið í bæjarlækjum þeirra, heldur en að eyða dagstund í að mæla þá.

#### ERINDI JÓNS ÞORLÁKSSONAR, 16. JANÚAR 1917.

1. 9. Nálægt aldamótunum 1900 skaut upp hér á landi hugmyndinni um beizlun stóránna og var fastlega ályktað, að þá mundi stóriðnaður rísa strax upp. Þetta náði að vísu aðeins til örfárra áhugamanna. Þorri alls fólks í landinu lét sig þetta engu skipta og vatnstréttindin voru gefin föl gegn ofurlitilli þóknun. Innlend og erlend fossafélög skiptu stóránnum á milli sín. Helztu fallhæðir voru mældar og rennslið kannað lauslega í nokkrum ám, en landsmenn vissu ekkert um þær niðurstöður.

Þegar tímariti Verkfræðingafélags Íslands er flett, kemur glöggst í ljós, að Jón Þorláksson vildi binda enda á þetta ástand, er það hafði staðið í nálægt 20 ár.

Hinn 16. janúar 1917 flutti Jón Þorláksson, sem þá var landsverkfræðingur, erindi á fundi í Verkfræðingafélagi Íslands. Erindið nefndi hann *Vatnsafl á Íslandi*. Það er prentað í heild í tímariti félagsins sama ár.<sup>24</sup>

Með erindi þessu er brotið blað í sögu fallvatnaathugana hér á landi. Það sem straumhvörfum olli, var að ræðumaður lagði ríka áherzlu á, að skýrslum um allar mælingar, sem gerðar höfðu verið, yrði safnað saman og þær birtar og þeirri reglu svo fylgt eftirleidis. Þegar hér var komið sögu, þ. e. a. s. árið 1917,

notuðu landsmenn vatnsafl aðeins í litlum mæli. Eldsneyti, sem önnur vara lór ört hækkandi í lok heimsstyrjaldarinnar fyrri.

Þungamiðja erindisins voru hugleiðingar um, hvort tímabært væri að hugsa um rafmagn til almenningsþarfa eða ekki.

Jón Þorláksson sagði orðrétt:

„Úr því verður ekki skorið, nema með fullkominni rannsókn á málinu, og ítarlegum kostnaðaráætlunum. *Fyrsti þátturinn í þeirri rannsókn er könnun á vatnsaflinu í landinu.* Að tilhlutan landsstjórnarinnar hafa ekki, svo að ég víti, fyrr en í sumar (1916) verið gerðar neinar rannsóknir á vatnsaflí landsins, nema hvað núverandi borgarstjóri, verkfræðingur Knud Zimsen, um 1901 athugaði nokkra smáfossa í sambandi við aðrar rannsóknir til undirbúnings stofnum klæðaverksmiðju, en þær rannsóknir voru gerðar að tilhlutan landsstjórnarinnar.<sup>13</sup> Einstakir menn og félög, sum hálfútlend og sum alútlend, hafa látið gera nokkrar athuganir um hina stærri fossa, sem ráðgert hefur verið að nota til áburðarframleiðslu eða annars verksmiðjuviðnaðar í stórum stíl, en ekkert af því hefur birt opinberlega, svo að ég víti.“

Ræðumaður gaf skýrslu um virkjanlegt afl í stóránunum, eins og það virtist, eftir þeim mælingum, sem hann og aðstoðarmenn hans höfðu gjört sumarið áður. Þótt skýrslan sé í senn fróðleg og skemmtileg, er hún of löng til að rekja hana hér.

Vatnsrennismælingar, sem landsverkfræðingurinn hafði gert, voru þessar:

*Þjórsá hjá Egilsstöðum í Flóa.*

1. okt. 1916. „Áin þá svo lítil sem hún getur orðið.“ Þversnið mælt. Yfirborðshraði mældur á þrem stöðum með flotholti, straumhraðamælir var ekki kominn til landsstjórnarinnar. Þá var vatnsfalli einnig mældur. Rennslið samkvæmt mældum hraða 243 m<sup>3</sup>/s. Rennslið samkvæmt yfirborðshalla (kutter 0,025) 274 m<sup>3</sup>/s.

Vatnshæðarmælir settur upp.

*Hvítá hjá Árhrauni á Skeiðum.*

Áin var lítil, en þó ekki svo sem hún getur orðið. Rennslið samkvæmt mældum hraða 287 m<sup>3</sup>/s. Rennslið samkvæmt yfirborðshalla 355 m<sup>3</sup>/s.

Vatnshæðarmælir settur upp.

*Andakilsá í Borgarfirði.*

Rennslið 8 til 12 m<sup>3</sup>/s og fallhæð 54,4 metrar.

*Langá í Mýrasýslu.*

Rennslið samkvæmt mældum hraða 10,7 m<sup>3</sup>/s. Rennslið samkvæmt yfirborðshalla 13,4 m<sup>3</sup>/s. Fallhæð 9,9 m á 360 m leið.

*Blanda hjá Blönduósi.*

Rennslið samkvæmt mældum hraða 61,5 m<sup>3</sup>/s.

Rennslið samkvæmt yfirborðshalla 104,0 m<sup>3</sup>/s.

Fallhæð 23,3 m á 2350 m leið.

„Fleiri skýrslur um mælingar á vatnsrennsli get ég ekki gefið“, sagði ræðumaður, „en væntanlega verður þessum mælingum haldið áfram og væri æskilegt, að meðlimir félags vors vildu gera sér að reglu, að safna sem mestu af þeim fróðleik saman í tímarit félagsins“.

Máli sínu lauk ræðumaður með þessum orðum:

„Fullkomna mynd af fossabraskinu gefa veðmálabækurnar að vísu ekki, en svo mikið má af þeim sjá, að tími er kominn fyrir löggjafarvaldið að taka í taumana til þess að tryggja landsmönnum sjálfum hentugustu fossana í hverjum landshluta til fullnægingar sínum eigin þörfum“.

FOSSAR Á ÍSLANDI,

ERINDI G. HLÍÐDAL'S 1. MAÍ 1917.

1. 10. Hinn 1. maí 1917 kvaddi Guðmundur Hlíðdal sér hljóðs í Verkfræðingafélaginu og flutti erindi, sem hann nefndi *Nokkrir fossar á Íslandi*. Erindið var gefið út í Tímariti V.F.Í. sama ár.<sup>25</sup>

Í upphafi máls síns véc ræðumaður að því, hve örðugt væri að gera sér grein fyrir, hversu mikið vatnsafl sé í landinu. Fallhæðir höfðu ekki verið mældar nema á stöku stað. „en um vatnsmegn eða rennsli vita menn ennþá minna.“ Höfuðorsökina kvað ræðumaður vera, hve hálendið væri lítið kannað og vatnaskil óglögg, einkum á þeim svæðum, þar sem nær allt rennslið væri neðanjarðar, en þó kastar fyrst tólfunum, er draga skal markalínu þar sem jöklar þekja hálendið. „þar er að mestu ókleift að ákveða skiptingu aðrennslisins“. En flestar stórar landsins eiga einmitt upptök sín undir jöklum. Þá benti ræðumaður á, að við þetta bættist, að harla lítil vitneskja væri til um úrkomumagnið inn til landsins, enda lagju veðurathugunarstöðvarnar einvörðungu með ströndum fram.

Og síðan sagði Hlíðdal orðrétt:

„Af þessu er auðsætt, að undirstöðuna vantar til þess að unnt sé að reikna út meðalvatnsmagn ána eftir regnfleti og ársúrkomu.“

Einasta og beinasta aðferðin til þess er að ákveða rennsli ána, er því sú að mæla vatnsmegnið með til þess gerðum áhöldum og athuga síðan breytingu þess á ákveðnum stað í farvegnum.

Hingað til hafa fáar vatnsrennismælingar verið gerðar, og þær fáu, sem gerðar hafa verið, tapa að miklu leyti gildi sínu við það, að framhaldandi athaganir vantar að mestu leyti“.

Þá skýrði ræðumaður frá vatnsfallsmælingum sínum, sem hann gerði á árunum 1907 og 1908.

Alþingi veitti Hlíðdal 500 króna styrk til byrjunarmælinga á fossum og auk þess naut hann, eins og hann getur um í erindi sínu, nokkurs fjárframlags frá erlendum mönnum, sem að einhverju leyti höfðu eignast rétt til fossa hér.

Helztu mælinganiðurstöður í stuttum útdrætti:

#### *Jökulsá á Fjöllum:*

Hinn 31. okt. 1907 var rennslið á ferjustaðnum hjá Grímsstöðum 110 m<sup>3</sup>/s, mælt með flotholti. Kunnugir menn sögðu ána þá um það bil hið minnsta, sem hún gæti orðið. Orðrétt sagði ræðumaðurinn: „Vatnsmegnið er mjög breytilegt, að jafnaði mun það vera miklu meira, en þegar ég mældi hana, og stundum margfalt meira. Nokkrar athuganir, sem Páll bóndi Jóhannesson á Austara-Landi í Axarfirði gerði að tilhlutan minni um nokkurt skeið við brúna í Axarfirði, sýna, að rennslið hefur verið meira allan veturinn 1907–'08, heldur en þegar ég mældi. Það byrjaði fyrir alvöru að vaxa í marzmánuði og hélzt úr því mjög mikið það sem eftir var vetrar og yfir sumarið 1908, þó verður það mjög lítið snöggvast nokkra daga í miðjum júnímánuði, en vex strax aftur.“

#### *Skjálfandafljót:*

Rennslið mælt með flotholti undan Arndísarstöðum í desember 1907 og reyndist 77 m<sup>3</sup>/s.

Sumarið 1908 var rennslið mælt ljórum sínum með straumhraðamæli.

Hinn 9. júlí	ofan Mjóadalsár	70 m <sup>3</sup> /s
Hinn 14. júlí	hjá Goðafossi	117 m <sup>3</sup> /s
Hinn 7. ágúst	ofan Mjóadalsár	59 m <sup>3</sup> /s
Hinn 12. ágúst	hjá Goðafossi	70 m <sup>3</sup> /s

Orðrétt sagði ræðumaður:

„Að sögn kunnugra var Fljótið hinn 7. ágúst svo lítið, sem það getur frekast orðið. Vatnshæðarmælingar lét ég síðan gera við brúna á Skjálfandafljóti um nokkurt skeið og sýna þær, að 16. ágúst, þ. e. ljórum dögum eftir síðustu mælinguna, hefur vatnsstaðan undir brúnni verið 28 cm lægri, en 12. ágúst, þegar mælingin fór fram. Þessi lækkun get ég hugsað mér að nemi um 8 m<sup>3</sup>/s. Síðan hækkar vatnið aftur og 1. sept. er vatnshæðin orðin hin sama og mælingardaginn. Upp frá því er vatnshæðin oftast töluvert meiri en 12. ágúst, þó kemst hún í október 1908 og um miðjan apríl 1909 lítið eitt niður fyrir mælingarmarkið.“

#### *Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.*

Hinn 29. ágúst 1908 var rennslið 36,5 m<sup>3</sup>/s hjá Grenjadarstað. Í gljúfrum hjá Brúum er hægt

að fá 56 m fall, ef gerð er 20 m há stílla og lögð 1100 m löng þrýstivatspípa.

#### *Sogið í Grafningi.*

Rennslið mælt lauslega 29. ágúst neðan við Úlf-ljótsvatn og reyndist 85 m<sup>3</sup>/s. Hinn 24. apríl 1909 mældi landsverkfr. Th. Krabbe 79 m<sup>3</sup>/s í Soginu. Í þremur fossum sameinuðum fæst 55 m fallhæð.

#### *Hvítá í Árnassýslu.*

Th. Krabbe gerði lauslega mælingu í Hvítá 19.–21. apríl 1909. Rennslið hjá Gullfossi var 90 m<sup>3</sup>/s og kunnugir sögðu Hvítá þá svo litla sem hún gæti orðið. Hann gerði ráð fyrir, að hjá Gullfossi mætti fá 48 m fallhæð.

#### *Lagarfljót.*

Lagarfoss mældur 27. ágúst 1914 og telst að meðtöldum flúðum 17 m, rennsli ekki mælt.

#### *Skógá undir Austur-Eyjafjöllum.*

Skógafoss mældur lauslega 1907. Hæðin er 55 m og rennslið nálægt 6 m<sup>3</sup>/s.

#### *Seljalandsá undir Vestur-Eyjafjöllum.*

Seljalandsfoss mældur lauslega 1907. Hæðin er 60 m og rennslið nálægt 3,5 m<sup>3</sup>/s.

Þetta var stuttur útdráttur úr erindi Hlíðdals.

Eins og áður er getið mældi Hlíðdal rennsli nokkurra ára með straumhraðamæli sumarið 1908. Það var í fyrsta sinn, sem slíkt áhald var notað hér á landi, að því er séð verður af þeim heimildum um vatnarrannsóknir, sem mér eru kunnar.

Haustið 1907 hóf Hlíðdal vatnshæðarmælingar norður í Axarfirði, er hann fól Páli bónda á Austara-Landi að skrá vatnsborðssveiflur Jökulsár á Fjöllum. Um svipað leyti, e. t. v. einum eða tveimur mánuðum fyrr voru hálfrir vatnshæðarálestrar við Andakílsá í Borgarfirði, að tilhlutan Englendinga nokkurs að nafni Cooper, sem átti ítök í fossunum þar. Eldri vatnshæðarmælingar eru ekki kunnar hér á landi.

Þegar vatnshæðin sveiflaðist nálægt þekktu mörkunum, gat Hlíðdal farið nærri um rennsli norðlenzku vatnanna, Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts, en öðru máli gegndi í miklum vatnavöxtum, eða þegar þau lækkuðu til muna niður fyrir hæðarmörkin, sem sett voru, þegar rennslið var mælt. Þarna var lagður grundvöllur að „einustu og beinustu aðferðinni til að ákveða rennsli ána.“

Nútíma vatnamælingar nota í meginatriðum þessa sömu aðferð, rennslið er mælt við ýmsar vatnshæðir, bæði háar og lágar. Sambandið milli vatnshæðar og rennslis er nefnd *lykill*. Leitast er við að finna lykil-

inn sem fyrst, því að með honum er leyndardómi árin-  
 nár lokið upp, og sé vatnshæðarmælingum haldið  
 stöðugt áfram, er meðalrennslið auðfundið og þá einn-  
 íg hæstu og lægstu rennslin, og hægt er að kanna  
 ýmsa aðra eiginleika árinna eftir vild.

Því miður hafði Guðmundur Hlíðdal rétt að mæla,  
 er hann sagði 1917:

„ . . þær fáu vatnsrennslismælingar, sem gerðar  
 hafa verið, tapa að miklu leyti gildi sínu við það,  
 að framhaldandi athuganir vantar að mestu leyti.“

#### FOSSANEFNDIN 1917–1919.

1. 11. Alþingi 1916/17 samþykkti þingsályktun-  
 artilloðu<sup>26</sup> frá Gísla Sveinssyni, þingmanni Vestur-Skalt-  
 fellinga, þar sem skorað var á landsstjórnina að gæta  
 hagsmuna þjóðfélagsins og réttar landssjóðs til fossa  
 og annarra verðmæta í almenningum landsins og í af-  
 réttum. Verkræðingarnir Jón Þorláksson og Guð-  
 mundur Hlíðdal reifuðu fossamálið frá teknilegum  
 sjónarmiðum og það lá í loftinu, að til tíðinda mundi  
 draga. Þess varð ekki heldur langt að bíða, á Alþingi  
 1917 kom fram í efri deild frumvarp til laga,<sup>27</sup> er  
 heimilaði landsstjórninni að veita Fossafélaginu Ís-  
 landi leyfi til þess að virkja Sogið og breyta vatnsork-  
 unni í raforku og nota hana til iðju með þeim skil-  
 daga, er þar var til tekinn. Flutningsmenn voru þing-  
 mennirnir Eggert Pálsson, Hannes Hafstein og Magnús  
 Kristjánsson. Fossafélagið Ísland hafði gjört mæling-  
 ar við Sogið og gefið út bækling um athuganir sínar.

Flestir þóttust varbúnir að ráða slíku stórmáli til  
 lykta þá á þinginu, og varð því að ráði að láta rann-  
 saka það, áður en það kæmi til umræðu hið næsta  
 sinn.

Var nú gerð svohljóðandi ályktun í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að  
 skipa 5 manna nefnd, til að taka til ihugunar fossa-  
 mál landsins, og skal verkefni nefndarinnar sérstak-  
 lega vera:

1. Að athuga, hverjar breytingar nauðsynlegt er  
 að gera á gildandi fossalöggjöf.
2. Að afla sem ítarlegastra upplýsinga og skýrslna  
 um fossa í landinu og notagildi þeirra.
3. Að athuga, hvort tiltækilegt sé, að landið kaupi  
 vatnsafl og starfræki það.
4. Að athuga, hvort og með hvaða kjörum rétt sé  
 að veita Fossafélaginu Ísland og öðrum slík-  
 um félögum, er umsókn kunna að senda, lög-  
 heimild til að starfrækja fossafl . . . .“

Í samræmi við þessa þingsályktun skipaði stjórnin  
 fimm manna nefnd til þessara starfa hinn 22. okt.  
 1917. Þessir menn voru skipaðir í nefndina:

Bjarni Jónsson frá Vog, alþm.  
 Guðmundur Björnson landlæknir, alþm.

Guðmundur Eggerz, sýslumaður.

Jón Þorláksson, verkfr.

Sveinn Ólafsson í Firði, alþm.

Guðmundur Björnson var skipaður formaður nefnd-  
 arinnar.

Nefndin, Fossanefndin, eins og hún var kölluð, fékk  
 ærið nóg að starfa. Nefndarmenn skiptu með sér verk-  
 um, viðdu að sér upplýsingum um vatna- og raforku-  
 mál annarra þjóða og brutu til mergjar forn íslensk  
 lagaákvæði. En þegar líða tók á starfstímanum, urðu  
 nefndarmenn ekki á eitt sáttir, hvaða leið skyldi marka  
 varðandi eignarrétt vatnsfallanna.

Svonefndri *allsherjarstefnu* fylgdi meiri hlutinn,  
 þeir Bjarni frá Vog, Guðmundur Björnson og Jón  
 Þorláksson, en minni hlutinn, Sveinn í Firði og Guð-  
 mundur Eggerz, héldu fram *séreignarstefnu*. Nefndar-  
 álitin urðu því tvö eða í raun réttir þrjú, þar eð Sveinn  
 og Guðmundur Eggerz skildu álitum hvor í  
 sínu lagi. Nefndarálitin<sup>27</sup> ásamt lagafrumvörpum og  
 fylgiskjölum eru röskar 700 blaðsíður í stjórnartíð-  
 indabroti, svo augljóst má vera, að þeim verða ekki  
 gerð full skil í stuttu máli. Mikill hluti lesmálsins  
 fjallar um eignarréttinn, og athuganir varðandi hann  
 dvöldu mest fyrir nefndinni. Meiri hlutinn fékk Einar  
 Arnórsson lögfr. sér til aðstoðar. Tel ég óþarft að rekja  
 þá hlið málsins, en læt nægja þá skýringu sem orðin  
 „allsherjar“ og „séreignar“stefna fela í sér, en sný  
 mér að því er kom fram og snertir beint rannsóknir  
 fallvatna.

Hinn 5. marz 1918 ritaði nefndin stjórninni um  
 nauðsyn á rennslismælingu vatna þeirra, er þá voru  
 álitin álitlegust til orkunytja, og biður stjórnina að  
 láta gera þegar á næsta sumri rennslisathuganir við  
 þessi vatnsföll: Eystri-Rangá, Ytri-Rangá, Þjórsá, Hvítá  
 hjá Árhrauni, Hvítá nálægt Gullfossi, Tungulljót,  
 Sogið, Andakilsá, Grímsá í Borgarfirði, Langá í Mýra-  
 sýslu, Haukadalsá í Dalasýslu, Fremri-Laxá í Húna-  
 vatnssýslu, Blöndu, Fnjóská, Skjálfafljót, Laxá í  
 Suður-Þingeyjarsýslu, Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá í  
 Dal, Lagarfljót, Seyðisfjarðará og Fjarðará í Mjóafirði.

Stjórnin fól vegamálastjóra framkvæmd þessara at-  
 hugana. Vegamálastjórnin, Geir G. Zoëga, setti upp  
 vatnshæðarmæla við öll þessi vötn hið næsta sumar,  
 en tími vannst ekki til rennslismælinga.

Jón Þorláksson skrifaði ítarlega grein um vatnsorku  
 á Íslandi. Ekki eru tók á að rekja efni hennar hér í  
 einstökum atriðum. Hann taldi meðalrennsli:

Þjórsár . . . . .	465 m <sup>3</sup> /s
Ölfusár . . . . .	370 —
Laxár, S.-Þing. . . . .	54 —
Jökulsár á Fjöllum . . . . .	190 —
Skjálfafljóts . . . . .	128 —



Þetta er ekki langt frá því, sem síðari mælingar sýna, munurinn er þó ekki svona mikill á Ölfusá og Þjórsá, eins og hér kom fram.

Lokaniðurstöður Jóns Þorlákssonar voru á þá lund, að nothæft vatnsfall landsins sé 4 milljónir hestafla.

Rafmagnsafl er nú á tímum venjulegast talið í *kilowöttum*, og *orkan* þá í *kilowattstundum*. Kilowattstundin er óþægilega lítil eining, þegar rætt er um vatnsorkuna í landinu öllu, en *terawattstund* er milljarð sinnum stærri. Jóni Þorlákssyni hefur talið svo til, að nýtanleg orka íslenskra fallvatna sé 25 *terawattstundir* á ári.

Guðmundur Björnson kynnti sér vatnastjórn annarra þjóða. Hann taldi stjórn þessara mála með mestum ágætum í Svíþjóð og Ontario, þótt með nokkuð ólíkum hætti væri. Meðal annars segir hann, að sænska þingið hafi ákveðið 1898 að láta rannsaka fallvötn ríkisins og orðrétt segir hann:

„Árið 1908, ári fyrr en vatnastjórnin kom til, var sett á fót í Svíþjóð önnur mjög þarflæg stofnun, sem heitir vatnarrannsóknastofa (Hydrografisk Bureau). Henni er ætlað að safna saman öllu, sem vitnast og við bætist kunnugleik manna á veðurlagi, úrkomu og vatnagangi í Svíþjóð, skal hún og sjálf gangast fyrir hvers konar rannsóknum og mælingum þar að lútandi. Hún skal árlega gefa út skýrslu um störf sín — ársskýrslur, og smámsaman sérstök rit um hún og þessi úrkomusvæði og hvað annað, sem þarft er um vötn að vita. Þá er það eitt höfuðstarf hennar, að hún skal vinna að því, að semja vatnaskrá. En á þeirri skrá skal gera nákvæma grein fyrir vatnsmagni í hverju vatnsfalli ár út og ár inn, sögð fallhæð í þeim, lýst jarðvegi, þar sem þau renna, o. fl. Verkefnið er afarmikið og seinumíð, en auðsætt, að þessi vatnaskrá kemur að sívaxandi notum, fyrir alla, sem við vatnsorku vilja fást.“

Í þessum anda var frumvarp meiri hluta Fossanefndar um vatnastjórn. Þar voru ákvæði um vatnastjórn og raforkumál og að semja skuli skrá yfir öll fallvötn, sem hafa meira en 500 eðlishestöfl, þegar ekki er vöxtur í vatni.

Tillögur minni hlutans hnigu nokkuð í sömu átt, en mæltu ekki eins ákveðið varðandi rannsóknir fallvatna.

Á meðan Fossanefndin starfaði og frumvörpin lágu fyrir Alþingi, urðu gagngerðar breytingar á viðskiptum þjóða í milli. Heimsstyrjöldinni fyrri var ný lokið og í kjölfar hennar sigldi hátt og óstöðugt verðlag. Íslendingar öðluðust fullveldi. Margt fleira hafði veruleg áhrif á störf nefndarinnar og síðar lagasetninguna.

Hinn 20. marz 1919 sótti fossafélagið h/f Titan

um sérleyfi til virkjunar Þjórsár allrar. Norskur verkfræðingur Sætersmoen hafði á hendi fyrir Titan athuganir á rennsli Þjórsár. Vatnshæðin hafði verið mæld hjá Þjórsárholti og Haga á tímabilinu 9. ágúst 1915 til 31. ágúst 1917. Illu heilli slitnaði hæðarmælingin nokkrum sinnum sundur og lá niðri fyrri veturinn. Þá var rennsli Þjórsár mælt fjórum sinnum og Tungnaár hjá Hrauneyjarfossi einu sinni. Rennsið um Hrauneyjarfoss var 132 m<sup>3</sup>/s á móti 420 m<sup>3</sup>/s á sama tíma hjá Þjórsárholti. Titan stóð að útgáfu bókar eftir Sætersmoen:<sup>28</sup> *Vandkraften i Thjorsa Elv*. Þorvaldur Krabbe verkfr. skrifaði ritdóm um bókina í Tímarit V. F. Í. 1918, bls. 43, og tel ég rétt að hann sé lesinn til leiðréttingar, þegar bókinn er athuguð.

Um lagafrumvörp Fossanefndarinnar stóð mikill styr, utan þings og innan. Áður en málið var afgreitt á þingi höfðu bæði fossafélögin „Island“ og „Titan“ tekið aftur sérleyfisumsóknir sínar. Niðurstaða löggjafans varð að lokum: *Vatnalög nr. 15 frá 20. júní 1923 og Lög um vatnsorkusérleyfi nr. 46 frá 27. júní 1925*.

Vatnalögin eru mikill og merkur lagabálkur, 44 bls. í 19 köflum og standa þau enn þann dag í dag í veigamestum atriðum. Segja má að séreignastefnan hafi hrósað sigri, en var þó af allsherjarstefnunni sniðinn þröngur stakkur.

Um stjórn vatnamála og rannsóknir, mælir 17. kafli laganna svo fyrir:

„Um stjórn vatnamála.

151. gr.

Atvinnumálaráðherra hefur yfirstjórn vatnamála á hendi. Verkfræðilegur ráðunautur hans um þau mál er vegamálastjóri.

152. gr.

1. Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda lög-giltar vatnabækur, og skal í þær rita:

- a. Skrá yfir ár og vötn í umdæminu.
- b. Samninga um þau, er sendir verða til innritunar eða þinglýsingar.
- c. Skýrslur um vatnsvirki og önnur vatnsverk, sem leyfis eða samþykkis þarf til lögum samkvæmt, og matsgerðir, sem heimila lögnám eða háðar eru samkvæmt 71. og 134. gr.

2. Ráðherra getur ákveðið, að fleira skuli rita í bækur þessar og sett reglur um bókhald, svo sem þurfa þykir.

3. Láta skal í té eftirrit af vatnabókum, gegn lögmæltum ritlaunum.“

Engin sérstök vatnastjórn var sett á laggirnar, né skrifstofa, sem annaðist markvissa rannsókn fallvatna, í líkingu við sænsku stofnunina Hydrografisk Bureau, sem Guðm. Björnson taldi til fyrirmyndar.

## VEGAMÁLASTJÓRI VERKFRÆÐI- LEGUR RÁÐUNAUTUR.

1. 12. Vegamálastjóri hafði sett upp vatnshæðarmæla við nálega 20 vatnsföll sumarið 1918, eins og vikið hefur verið að, og þar sem vatnalögin gera ekki ráð fyrir neinni sérstakri vatna- og raforkumálastjórn, var eðlileg ráðstöfun að fela vegamálastjóra að vera verkfræðilegur ráðunautur atvinnuáráðherra um stjórn vatnamála, vatnshæðarmælarnir voru þannig áfram í umsjá hans. En umfangsmestu störf vegamálastjóra varðandi vatnamál urðu þó ekki vatnamælingar, heldur fyrirhleðslur við auravötn, áveitur og svo áætlanir einstakra virkjana.

Á fjárlögum 1925 voru veittar kr. 2 000,00 til vatnsmælinga, eins og það var kallað, og hélt sú fjárveiting í nokkur ár. Alestrum á hæðarkvarðana var haldið áfram og strjálar rennismælingar gerðar eftir því sem verkfræðingar vegamálastjóra gátu við komið jafnhliða öðrum störfum. En við ýmiss konar erfiðleika var að etja. Versti óvinur rennislisathugana er löngum vetrarisinn. Hann hækkar yfirborðið frá eðlilegri stöðu sumarsins, tímum saman verður því rennilið ekki ráðið af vatnsborðshæðinni. Kvarðarnir voru auk þess af vanefnum gerðir, svo að holklaki og ísruðningur áttu auðvelt með að færa þá úr stað. Þannig slitnaði oft samhengið við fyrri álestra, þeir féllu niður annað veifið eða hættu með öllu.

Fjárveitingin nægði hvergi til að sigrast á byrjunarörðugleikunum og koma upp öruggum mælingarstöðvum, enda mæltu landslögin ekki fyrir um neinar kerfisbundnar vatnamælingar. Þó er með lögum nr. 28 frá 1932 um undirbúning á raforkuveitum svo fyrir mælt, að vegamálastjóri láti rannsaka, hvaða vatnsföll séu hentugust fyrir hvern landshluta. En þar var jafnframt tekið fram: „Rannsóknir þessar framkvæmir vegamálastjóri og fastlaunaðir starfsmenn hans án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum.“

Vegamálastjóri hafði vatnsrennismælingar með höndum fram til 1947, er raforkumálastjóri tók við þeim. Allt frá 1918 og fram til þess tíma voru gerðar töluverðar vatnsrennislisathuganir, en löngum sundurslitnar og strjálar. Þess ber að gæta að fjárveitingin var alltaf lág og féll niður með öllu 1938–1943.

## GRUNDVÖLLUR LAGÐUR AÐ NÚVERANDI VATNAMÆLINGUM.

1. 13. Í lok síðari heimsstyrjaldar 1939–1945 endurtekur sama sagan sig frá fyrra stríði í megin atriðum. Fjármagnið óx og enn sem fyrr beindust hugir manna að orkulindum vatnsins og nú sem aðalorkugjafa hins unga lýðveldis frá 17. júní 1944.

Aðdragandi raforkulaganna er töluvert mál að vöxtum. Hér verður aðeins dregið á það sem snýr að vatnsfallaathugunum. Þegar blaðað er í Alþingistíðindum, kemur í ljós, að þingmenn úr kjördæmi hinna stóru vatna, Árnessýslu, hafa vaknað upp við vonda draum 1942 og séð, að vér Íslendingar höfum vanrækt að mæla fallvötnin eins og aðrar menningarþjóðir. Þeir Jörundur Brynjólfsson og Bjarni Bjarnason, báru þá fram tillögu til þingsályktunar, sem felur í sér ákveðinn vilja þess efnis, að rækilegar og öruggar vatnsfallaathuganir séu hafnar þegar í stað. Í greinargerð með tillögunni kómast þeir meðal annars þannig að orði:<sup>29</sup>

„Á undanförunum árum og áratugum hafa fram farið margar einstakar athuganir og rannsóknir virkjunarskilyrða. Að sjálfsögðu hafa þær vatnsaflsvirkjanir og raforkuveitur, sem þegar eru gerðar, verið undirbúnar með athugunum og áætlunum. Fjöldi annarra athugana hefur einnig verið gerður, fyrst og fremst í þágu kaupstaða og kauptúna, en einnig á vegum sveitabyggða og einstakra býla. Á árunum 1921–1923 voru gerðar áætlanir um virkjun Andakilsárfossa og raforkuveitu um sveitir Borgarfjarðar. Gerði Steingrímur Jónsson, rafmagnsstjóri, þær áætlanir. Síðan hefur bæði vegamálaskrifstofan, rafmagnseftirlit ríkisins, einstakir verkfræðingar, raffræðingar og rafvirkjameistarar eftir beiðni viðsvegar að gert áætlanir um virkjanir og orkuveitur. Skrá rafmagnseftirlitsins yfir þennan hluta af starfsemi þess telur yfir 80 mál“ ...

... Rannsókn sjálfra orkulinda landsins, svo sem fallvatna og virkjunarskilyrða þeirra, er enn skammt á veg komin. Vatnsmagnsmælingar, sem telja verður grundvöll þeirra rannsókna, höfum við vanrækt mjög. Stöndum við í þeim efnum langt að baki annarra menningarþjóða. Þannig hafa t. d. Norðmenn og Svíar síðan um aldamót látið fara fram stöðugar og kerfisbundnar mælingar á vatnsmagni í öllum þorra vatnsfalla þeirra landa, gefið árlega út skýrslur um þær og á tíu ára fresti ítarlegt yfirlit, en í Svíþjóð hefur um nokkurra ára bil verið gefið út á ári hverju rit um vatnsrennislis-horfur næsta árs („Vannstandsprognoser“). Vatnsrennismælingum þurfum við nú þegar að koma í viðunandi horf.

Nokkrir stærstu kaupstaðir landsins hafa látið fram fara á undanförunum árum ítarlegar rannsóknir á skilyrðum til vatnsaflsvirkjana og orkuvinnslu fyrir sig og eru við því búnir að bæta úr vaxandi orkuþörf íbúanna um margra ára skeið. Aðrir kaupstaðir og fjöldi kauptúnanna hafa enn ekki leyst þetta mikilsverða vandamál og liggja til þess ýmsar ástæður. ...“

... Augljóst er, að svo umfangsmiklar rannsóknir og áætlanagerðir sem hér um ræðir, muni verða allkostnaðarsamar, taka langan tíma og binda þó allmikla starfskrafta, ef þær eiga að vera svo ítarlegar, að þær nái tilgangi sínum. Að sjálfsögðu verða þó nokkur not að þeim rannsóknum og áætlunum, sem þegar hafa verið gerðar, en þeim áætlunum þarf að safna saman, samræma þær og fella inn í heildarverk alls landsins. Og þó að stofnað sé til nokkurra gjalda með þessum rannsóknum, þá er hér um svo þýðingarmikið þjóðnýtjamál að ræða, að við teljum það með öllu óverjandi, ef ekki verður nú þegar hafizt handa um þessar rannsóknir og undirbúning, svo að jafnskjótt og nokkrir möguleikar verða fyrir hendi, verði unnt að hefjast handa um stórfelldar framkvæmdir í orkuvera byggingum og rafleiðslum víðs vegar um byggðir landsins.“

Tillagan mun hafa dagað uppi þá á þinginu, en tillaga sem gekk í sömu átt var samþykkt á því næsta.<sup>30</sup>

Næsti áfangi er svo í desember 1943, þegar frumvarp að fjárlögum 1944 liggur fyrir þinginu, að alþingismennirnir Sigurður Thoroddsen, Jörundur Brynjólfsson, Jón Pálmason og Emil Jónsson flytja breytingartillögu<sup>31</sup> á þá lund að tekinn skuli upp nýr gjaldaliður til vatnsmælinga í fallvötnum. Fjárlögin voru svo afgreidd með 30 þús. króna framlagi á 15. gr. til vatnsmælinga.<sup>32</sup> Fjárveitingin gekk til rafmagnseftirlits ríkisins, sem gat nú aukið rannsóknir sínar við þau vötn, þar sem þörfin var brýnust í bili. Á næstu árum söfnuðust nokkrar upplýsingar um ýmis hin smærri vötn landsins.

Með raforkulögunum frá 1946 var gerð nýskipan á þessum málum.<sup>1</sup> Embætti raforkumálastjóra var stofnað. Í hið nýja embætti var skipaður Jakob Gíslason, rafmagnsverkfræðingur, sem verið hafði forstjóri rafmagnseftirlits ríkisins, en eftirlitið varð nú deild í raforkumálastjóraembættinu.

Raforkumálastjóra var falin umsjón með vatnsrennismælingum. Fyrsta verkefnið var að hefja samfelldar mælingar, svo að heilsteypt mynd fengist af vatnsrennslinu í landinu, er tímar liða fram. Nú eru vatnshæðarmælistöðvar nálægt 80 talsins, dreifðar víðsvegar út um land.

Fé hefur verið á fjárlögum veitt til vatnamælinga sem hér segir:

1925—1932	16. gr. Til verklegra fyrirtekja, til vatnsrennismæl., árlega	kr. 2 000,00
1933—1937	16. gr. Til verklegra fyrirtekja, til vatnsrennismæl., árlega	— 1 000,00
1938—1943.	Engin fjárveiting.	

1944—1946 15. gr. Til bókmennta, lista og vísinda.

B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu o. fl. Til vatnsmælinga í fallvötnum, árlega . . . . . — 30 000,00

1947 16. gr. Til atvinnumála.

D. Raforkumál.  
Vatnsrennismælingar . . . . . — 94 000,00

Á 16. gr. eins og áður:

1948	Vatnsrennismælingar . . . . .	— 70 000,00
1949	Vatnsmælingar . . . . .	— 50 000,00
1950	Vatnamælingar . . . . .	— 50 000,00
1951	— . . . . .	— 50 000,00
1952	— . . . . .	— 150 000,00
1953	— . . . . .	— 160 000,00
1954	— . . . . .	— 160 000,00
1955	— . . . . .	— 160 000,00
1956	— . . . . .	— 160 000,00

Á árunum 1925—1932 (8 ár) og 1933—1937 (5 ár) gekk fjárveitingin til vegamálastj., samt. kr. 21 000,00.

Á árunum 1944—1946 (3 ár) gekk fjárveitingin til rafmagnseftirlits ríkisins, samtals kr. 90 000,00.

Frá 1947 og síðan (1947—1956, 10 ár) hefur fjárveitingin gengið til raforkumálastj., samt. kr. 1 104 000,00. Heildarfjárveitingin (1925—1956) nemur því kr. 1 215 000,00.

#### NIÐURLAGSORÐ.

1. 14. Jafnhliða kerfisbundnu mælingastarfi var það að sjálfsögðu skylda bæði við fortíð og framtíð að kanna, hvað gert hefði verið á þessu sviði og halda til haga öllum fróðleik, sem að gagni má verða. Í þessum kafla hefur verið dregið á helztu atriðin úr sögu vatnamælinganna og hvarvetna farið hratt yfir. Saga vatnamælinga er nátengd sögu rafmagnspróunar í landinu, hér hefur því aðeins verið stiklað á stærstu atriðum varðandi stjórn vatna- og raforkumála hinna síðari ára, en til frekari fróðleiks og fyllingar um þau atriði, skal vísað til greinar Jakobs Gíslasonar, raforkumálastjóra, *Íslensk raforkulöggjöf og stjórn raforkumála*, í Tímariti Verkfræðingafélagsins, 35. árg. 4. h., Reykjavík 1950.<sup>33</sup>

Eitthvað kann hér að vera missagt og annað ófundið ennþá. Þess vegna eru það vinsamleg tilmæli vatnamælinga raforkumálastjóra til lesenda þessarar bókar, að þeir komi athugasemdum og viðaukum sínum á framlæri, svo að sá fróðleikur, sem annars kynni að glatast, verði í þess stað varðveittur í skjalasafni þess vatnsfalls, sem hann áhrerir.

## SUMMARY.

1. 15. In the year 1946 the Althing passed a law in which it was decided that the Director General of the State Electricity Authority shall be in charge of all investigations of rivers and streams. Although the measurements are not very extensive as of yet it was decided to publish this book since it contains the basic knowledge of the country's waterpower. The book describes how the knowledge of the Icelandic rivers has been gradually increasing. In *Landnáma* (the History of the Settlers) the names of numerous rivers are mentioned and are still the same and the literary meaning of these names is easily understood by all Icelanders to-day.

In a book written by foreign tourists in Iceland the rivers are usually described as follows: "The rivers are short with rapid currents, great volume of water and difficult to cross", with the last remark referring to crossing on horseback. Bridges across the rivers have not been built to any extent until in the last few decades.

The first complete work on the country's nature was the *Travel Book* by Olafsson and Palsson, published in Copenhagen 1772 and translated in English 1805.

Dr. Sveinn Palsson made in his works (1792–1794) an attempt to explain the movements and nature of glaciers, but the manuscript was not published until 1882<sup>1)</sup> and was known only to very few scientists. Dr Palsson also wrote a remarkable article on rivers, especially the glacial melt-water rivers, and their ice formations.<sup>2)</sup>

In the summer of 1881 the Norwegian geologist prof. A. Helland travelled around Vatnajökull for the purpose of measuring the flow from the glacier. His calculations gave an annual flow of water of  $2 \cdot 10^{10}$  m<sup>3</sup> along with  $15 \cdot 10^6$  tons of mud.<sup>3)</sup>

With professor Thorvaldur Thoroddsen's explorations, 1881–1898, knowledge of geographical and geological conditions of Icelandic fresh waters was greatly increased. His final results on Icelandic fresh waters may be found in „Lýsing Íslands“ (Description of Iceland), vol. I, pp. 282–365, published in Copenhagen in 1908.

After the middle of the eighteenth century water power was used in Iceland for driving water mills, but it was not until 1894 that the flow of a river was measured for the purpose of generating electricity. This river was Elliðaár near Reykjavík.

Observations of rivers are almost exclusively done

1) Den Norske Turistforenings Årbok 1883.

for the purpose of utilizing the water power. The first hydropower plant was started in 1904 with a capacity of only a few kW. No results of measurements are existing from the first years of the electrical development. At the turn of the century it became clear that Iceland had abundant water power but all estimates of the energy were very uncertain, since no measurements were existing at that time.

Foreign and Icelandic companies secured themselves the right to utilize all the main waterfalls, but now these rights have for the most part been annulled.

Nothing is known about water gauging until in the summer of 1907, when Mr. Gudmundur Hliddal, an electrical engineer, started gauging Jökulsá á Fjöllum, a fund having been granted him for that purpose by the Althing. In the same summer Mr. Cooper, an Englishman, started gauging Andakilsá in Borgarfjörður where he owned a part of the water rights. The following summer (1908) Mr. Hliddal made discharge measurements in a few rivers using a current meter. These water gaugings were not kept up so that continuous reports from these years are not available.

In 1916 the State-engineer, Jón Thorláksson, started measuring a few rivers (see chapter 1.30 on water gauging). In the years 1917–1919 the Althing discussed utilization of water-power. Thorláksson estimated the water-power of the country at  $4 \cdot 10^6$  hp, i.e. 25 TWh per year.

The Althing investigated thoroughly old and new law provisions on water rights with the results that on June 20th, 1923, the Waters Act No. 15 was passed. In this law it was decided that the State-engineer should be technical consultant to the Minister of Industries in these matters, but no specific institution was established for the purpose of performing measurements of rivers. The State-engineer, Geir G. Zoëga, performed along with others the necessary measurements of those rivers which were developed as time passed. He was also in charge of dams and irrigation projects along with routine hydrological measurements.

At the end of the Second World War the State Electrical Inspection started continuous water gauging in a few places with the aid of the Althing. With the Electricity Act passed in 1946, the office of the State Electricity Authority was established, and the Director General was put in charge of hydrological surveying.

At present about 80 water gauges are in use, and in this book the publication of existing results of measurements is started.

# Vatnsfallategundir, veðurfar og jarðmyndun

## *Types of Streams, Climate and Geological Formation*

### INNGANGUR

1. 16. Vatnsföll landsins eru mjög ólík innbyrðis. Ár, sem falla hlið við hlið fram til sjávar, eru oft gjörólíkar. Önnur tekur ef til vill annað veifið skaðræðis hlaup, en hin haggast ei, hversu sem veðurguðirnir láta. Ísalög ána eru þá ekki síður mismunandi, ein bærir ekki á sér undir þykkum ísi, en í næsta nágreppi ganga árnar opnar allan veturinn. Undirrót þessarar fjölbreytni í eðli og háttum straumvatnanna er eldurinn og ísinn, sem hafa mótað landið og heyja hér stöðuga baráttu. Venjuleg og almenn vatnafræðileg atriði hér á landi verða hvorki skýrð né skilin að ráði, nema krufin séu til mergjar lögmál jökulíssins annars vegar og rennslishættir jarðvatnsins á eldbrunnu svæðunum hins vegar. Það er ei að undra, þótt tungan hafi fundið, er tímar liðu fram, sérstök nöfn á hinum ólíku vatnsfallategundum. Nafngiftin er það glögg, að með einu orði – tegundarheitinu – er eðli vatnsfallsins skýrt og komizt hjá miklum málalengingum. Hér verður stiklað á helztu atriðunum, sem varða þessa greiningu, og sýnt, hvernig hún er notuð í bókinni eftirleidis.

### BERGVÖTN OG JÖKULVÖTN

1. 17. Frá fornu fari hafa straumvötn á Íslandi verið greind í tvo flokka, bergvötn og jökulvötn. Þessi skipting er frá alþýðunni, eins og Sveinn Pálsson tekur fram í ritum sínum frá 1792.<sup>5</sup> Aurinn – svarfið, sem jöklarnir naga úr undirlagi sínu og árnar bera með sér, ræður skiptingunni. Jökulvötn eru auðþekkt á litnum, þau eru mórauð við útföllin, en verða svo ljósari, er fjar dregur jökulum, og jafnvel mjólkurlituð, er þau blandast verulega öðru vatni. Bergvötnin eru aftur á móti bláttar, sum allt árið, en önnur verða að visu dökkmórauð af aurburði nokkra daga á ári, í miklum vatnavöxtum eða þegar foksandur berst í þau.

Þessi skipting er af veðurfarslegum toga spunnin. Með breyttu veðurfari geta jökulár orðið hrein bergvötn. Slíkt hefur einmitt átt sér stað á síðustu

árum, en tekur þó aðeins til smálækja, helzt þar sem jöklar hafa náð fram á fjallshryggi, en hörfað til baka á hlýviðrisskeiði því, sem nú stendur yfir. Á sama hátt geta tár bergvötn fengið jökullit, er jöklar ganga fram og ná til þeirra.

### VEÐURFAR

1. 18. Þegar litið er á hnattstöðu Íslands, mætti ætla, að hér ríkti stöðugt heimskaualoftslag. Norðurheimskaulsbaugurinn snertir nyrztu tanga landsins. Aðeins 300 km breitt sund skilur landið frá Grænlandi, og suður um sundið flæðir Austur-Grænlandsstraumurinn, sem flytur ís norðurhafa suður á bóginn, svo að auðsætt virðist að álíta, að norðvesturströndin sé í fyllstu snertingu við kulda norðursins. Þessu er þó ekki svo farið.

Austur-Grænlandsstraumurinn er ekki einráður í sundinu. Neðansjávarhryggurinn milli Íslands og Skotlands veldur því, að áll úr Golfstraumnum nær vestur fyrir land og austur með því að norðan. Árs hliti sjávarins út af amnesjum er því þessi: við suðurströndina 7,4° C, út af Vesturlandi 6,2°, fyrir Norðurlandi 4,7° og undan Austfjörðum 4,5°, mælt í 2–3 m dýpi 1949/52.<sup>34</sup>

Út af Austfjörðum kemur kaldur straumur undir land úr norðurátt, Austur-Íslandsstraumurinn, en sveigir svo til hafs nálægt Eystra-Horni (sjá 1.25–2 Krossanes), þegar hann mætir hlýjum sjó frá suðri. Þar eru mjög skörp hitaskil sjávar.


Veðurfarið á Íslandi er úrfellasamt eyjaloftslag, sumrin fremur svöl, en vetur mildir. Um meginlandsveðráttu er vart nokkurs staðar að ræða, þótt æði mikill munur sé á veðráttunni á yztu nesjum og inni á miðhálandinu. Lágþrýstisvæðin, sem eiga upptök sín við austurströnd Ameríku, færast norður yfir Atlantshaf í stefnu Golfstraumsins og norður um Ísland og flytja mikið magn af röku og hlýju lofti inn yfir landið, en skammt er til Norður-Íshafsins eða yfir til Grænlands, aðalheimkynna kaldrar veðráttu, veltur þá á ýmsu, hvort meira má sín, suðrænn varmi eða

Mynd 1.18-1. Sýnd er í grófum dráttum hæð landsins yfir sjó.

1. 2119-1500 m yfir sjó.
2. 1500-1000 .. .. "
3. 1000- 400 .. .. "

*A rough sketch of altitudes.*

1. 2119-1500 m above sea level.
2. 1500-1000 .. .. "
3. 1000- 400 .. .. "



norðan svali. Um breytileik veðráttunnar hefur Jón Eyþórsson, veðurfræðingur, skrifað á þessa leið:<sup>35</sup>

„Veðurfar á Íslandi er að mestu ákveðið af hinum miklu átökum kaldra loftstrauma úr norðri og hlýrra úr suðri. Veðráttan er þess vegna mjög breytileg og mánaðameðaltöl sveiflast innan víðra takmarka. Í Reykjavík var meðalhiti janúar-mánaðar 1918  $-8,8^{\circ}$  C, en  $+3,1^{\circ}$  1947. Í Stykkishólmi var meðalhiti marzmánaðar 1881  $-13,3^{\circ}$ , en aftur á móti  $+5,4^{\circ}$  í marz 1929.

Árstíðasveiflur hitans eru greinilega meira eða minna háðar því, hversu norðarlega brautir lægðanna liggja yfir Atlantshafið. Hér koma æði oft þeir vetur, er lægðirnar, sem fara yfir Atlantshafið, hafa sveigt til norðurs, eða norð-vesturs við suðurströnd Íslands og orðið kyrrstæðar eða hægfara yfir Grænlandshafi, milli Íslands og Grænlands. Sum árin fara lægðarmiðjurnar oftast sunnan við Íslands og ná mestri dýpt og víðáttu milli Íslands og Skotlands og verða kyrrstæðar út af ströndum Norður-Noregs.

Fyrri lægðarstefnunni, sem lýst er hér, fylgja vindar milli suðaustan- og suðvestanáttar hér á landi. Yfir vetrarmánuðina fylgir þeim mild tíð, en svöl og vætusöm veðráttta á sumrum. Þetta á einkum við sunnanlands.

Austlægari stefna lægðanna orsakar aftur á móti, að heimskaualoftið streymir iðulega suður á bóginn, svo að veðráttan kólnar, einkum á Norðurlandi.

Í þriðja lagi eru víðáttumiklar lægðir töluvert algengar yfir hafinu suður af Íslandi. Austan og norðaustan átt er þá ríkjandi og veðurfar venjulegast milt á Suðurlandi en fremur kalt norðanlands.

Þá er að lokum fjórða atriðið varðandi gang lægða- og háþrýstisvæða. Það er að vísu fátítt á vetrum, en þegar slíkt ber við, veldur það óvenju hlýrri vetrarveðráttu. Háþrýstisvæði með köldu lofti hvílir þá yfir Skandinavíu og Bretlandseyjum, en lægðir hreyfast norður og norðvestur yfir Atlantshafið og jafnvel áfram meðfram vesturströnd Grænlands.“

Í þessu riti er svonefnt vatnsár talið hefjast hér á landi með 1. september og ljúka 31. ágúst árið eftir. Vatnsbirgðir, sem liggja í snjó á mótum almanaksára og eru mjög breytilegar frá ári til árs, gera það að verkum, að rennslis- og úrkomuskýrslur almanaksársins eru ekki sambærilegar. Eftir að komið er fram í september er venjulega lítil leysing inni á hálendinu og snjósöfnun fer þá að hefjast á ný. Engin glögg tímamörk eru á milli leysinga og ákomu á hájökluunum, þar leysir nokkuð um mitt sumar, en þó snjóar þar venjulegast eitthvað í hverjum mánuði.

Hér eru birt nokkur hita- og úrkomumeðaltöl frá Veðurstofunni. Veðurathugunarstöðvar, sem nefndar eru, sjást á myndunum 1. 31-1 og 2. Töflurnar hefjast hér með septembermánuði til samræmis við vatnsárið.

Lofthitinn er nú á síðari árum nokkru hærri en

HITI °C. *Temperature °C.*

30 ára meðaltöl, 1901–1930. — 30 years averages (normals), 1901–1930.

	Reykja- vík	Suður- eyri	Við sjávarsíðuna <i>Coastal Districts</i>				Inn til landsins <i>Inland</i>	
			Akur- eyri	Raufar- höfn <sup>1</sup>	Hólar í Hornaf. <sup>1</sup>	Vík í Mýrdal	Hæll í Hreppum <sup>1</sup>	Grímsst. á Fjöllum <sup>1</sup>
September . . . . .	7,8	6,7	6,8	5,7	6,9	8,0	7,1	4,2
Október . . . . .	4,3	3,4	2,5	2,6	3,8	4,9	3,4	0,1
Nóvember . . . . .	1,4	0,8	−0,5	−0,6	0,9	2,3	0,3	−3,6
Desember . . . . .	0,0	−0,4	−1,9	−1,2	0,3	1,3	−0,9	−4,9
Janúar . . . . .	−0,6	−1,3	−2,5	−2,2	0,0	0,9	−1,8	−5,6
Febrúar . . . . .	−0,2	−1,2	−2,0	−2,1	−0,2	1,2	−1,2	−4,9
Marz . . . . .	0,5	−0,9	−1,7	−1,9	0,0	1,5	−0,8	−4,5
Apríl . . . . .	2,6	0,5	0,8	−0,4	2,3	3,1	1,4	−1,7
Maí . . . . .	6,3	4,3	5,0	1,9	5,7	6,2	5,5	2,1
Júní . . . . .	9,6	8,1	9,3	6,3	9,1	9,3	9,5	7,1
Júlí . . . . .	11,3	9,9	10,9	8,7	10,5	11,0	11,4	9,6
Ágúst . . . . .	10,6	8,8	9,2	7,6	9,6	10,5	9,9	7,2
Árið — Year . . . . .	4,5	3,3	3,0	2,1	4,1	5,0	3,7	0,5

ÚRKOMA Í MILLIMETRUM. *Precipitation in millimetres.*

30 ára meðaltöl, 1901–1930. — 30 years averages (normals), 1901–1930.

	Reykja- vík	Suður- eyri	Við sjávarsíðuna <i>Coastal Districts</i>				Inn til landsins <i>Inland</i>	
			Akur- eyri	Raufar- höfn <sup>1</sup>	Hólar í Hornaf. <sup>1</sup>	Vík í Mýrdal	Hæll í Hreppum <sup>1</sup>	Grímsst. á Fjöllum <sup>1</sup>
September . . . . .	91	103	39	90	165	216	115	40
Október . . . . .	90	118	56	80	150	205	110	30
Nóvember . . . . .	96	105	46	55	185	197	90	30
Desember . . . . .	98	105	57	55	200	224	95	30
Janúar . . . . .	103	99	43	40	215	222	75	40
Febrúar . . . . .	87	86	34	35	105	199	75	30
Marz . . . . .	75	58	36	35	140	191	75	30
Apríl . . . . .	61	44	31	45	125	140	65	30
Maí . . . . .	51	36	22	25	115	136	60	20
Júní . . . . .	49	41	24	40	75	126	65	25
Júlí . . . . .	51	45	35	65	80	119	70	45
Ágúst . . . . .	52	64	41	85	110	119	60	60
Árið — Year . . . . .	904	902	465	650	1665	2093	955	410

1) Á þeim stöðum, þar sem mælingar ná aðeins yfir hluta úr 30 ára tímabilinu, hafa meðaltöl árána 1901–1930 verið reiknuð með hliðsjón af meðaltölum þeirra stöðva, þar sem mælingar eru til yfir allt tímabilið.

meðaltölin frá 1901–1930, t. d. reyndist hitameðaltal vatnsáranna 1952/53–1954/55 í Reykjavík 0,3° og á Rauфарhöfn 0,7° yfir meðallag. Úrkomann er töluvert breytileg frá ári til árs. Mesta ársúrcoma í Reykjavík á sl. 60 árum er 1110 mm (árið 1925) og hefur farið niður í 514 mm (vatnsárið 1950/51).

Veðurfarið tekur stöðugum breytingum frá ári til árs. Hlýviðraskeið skiptast á við harðindaár. Það, sem valdið hefur mestum harðindum hér á landi um liðnar aldir, er hafísinn. Undan straumi og vindi hreksst Íslands forni fjandi upp að ströndum landsins og fyllir firði og flóa. Þess ber að gæta, að eftir aldamót, þ. e. a. s. á þeim árum, sem meðaltölin ná yfir, hefur hafís verið fremur látiður hér við land. Að visu hefur hann legið landfastur fram eftir sumri ein tvö ár, 1902 og 1915.<sup>36</sup> Vatnamælingar ná svo skammt aftur í tímann, að þær hafa vart komið í kynni við áhrif hans á rennslið í ánum, en þó hefur hann náð að senda kveðju sína. Mánuðina apríl og maí 1949 lá hafís nálægt Norðvesturlandi, en varð þó hvergi landfastur. Heimskautaloft streymdi suður yfir landið. Í venjulegu árferði tekur upp snjó á láglendi og í dölum á þessum tíma árs, en í þess stað kyngdi niður snjó um nær allt land, en þó mest norðanlands. Eftir miðjan júní komu loks vorflóðin og þau urðu hin mestu síðan kerfisbundnar mælingar hófust fyrir 9 árum. Þetta vor féll saman það, sem kalla mætti dala- og háfjallaflóð. Áhrif hafíssins á rennslið munu vera í senn meiri og geigvænlegri en þetta. Það kemur glöggst í ljós, þegar blaðað er í gömlum annálum, eða bók Þorv. Thoroddsens, „Árferði á Íslandi í 1000 ár“,<sup>8</sup> að kuldinn, sem er samfara hafísnum, heldur hálendi landsins í vetrardróma út sumarið eða fram til ágústloka. Veturinn og fyrri hluti sumars er þá eitt samfellt lágrennslistímabil, í þeim ám, sem hæst liggja og nærast á yfirborðsrennsli eða koma frá jöklum. Á láglendi mun vatnsgangur vera meiri, er liða tekur á sumarið, en venja er til á þeim árstíma.

## JÖKULVÖTN

1. 19. Jökulvatn er auðkennt með „J“ í þessu riti. Gleggsta einkenni jökulvatna er mórauði liturinn, sem stafar af aurnum í vatninu, eins og áður er sagt.

Ferðamönnum, sem fara riðandi yfir jökulár, hefur löngum staðið nokkur stuggur af þeim. Vatnið flæmist oft yfir stór svæði, og hvergi sér til botns í hinu skoluga vatni. Það er aðeins á færi aðra vatnamanna að forðast hvort tveggja, dýpstu álana og sandbleytuna. Straumlagið gefur þeim vísbendingu um, hvar beztu brotin liggja.<sup>37</sup>

Jökulvötn setja sterkt svipmót á vatnsföll landsins. Stórárnar koma frá jöklum eða einhverjar jökulkvísl-

ar falla til þeirra. Þótt aðeins óverulegur hluti af heildarvatninu við ósa sé jökulvatn, bera þær litarstimpilinn og eru því almennt dregnar í dilk jökulvatna, en það er aðeins rétt að litlu leyti.

Hér á eftir verður einkennum jökulvatna lýst eins og þau eru áður en aðrar vatnsfallategundir hafa náð að breyta eðli þeirra.

Jökulvatnið ólgar oft upp undan jöklinum eins og hver, eða það brýzt fram úr hvelfingu eða dyrum í jökuljaðrinum. Eitt af höfuðeinkennum jökulvatna er, að þau hlaða undir sig og bylta farvegum sínum, þar sem flatlent er. Ógrynni af mól og sandi berst undan jöklunum og framan við þá hlaðast upp víðáttumiklir sandar, flatlendir, en þó að lögun sem geiri úr keilu með topppunkt í útfallinu. Þar sem skriðjökklar ná niður á flatlendi, hafa á síðari árum víða myndast lón við jökulsporðana, er jöklarnir hafa hörfað til baka. Þótt útgöngudyr vatnsins úr jöklinum séu sífellt að breytast og flytjast til milli endimarka lónsins, fellur áin á einum og sama stað úr lóninu og er stöðugri í farvegi sínum en áður var.

Rennsli jökulvatna er háð skörpum sveiflum. Það eykst í júnímánuði og er mjög mikið í júlí og ágúst, en minnkar oft snögglega í september og er mjög lítið allan veturinn. Þar sem beljandi forað brýzt fram undan jökli á heitum sumardegum, er aðeins ör-lítil sytra eða jafnvel þurrt með öllu að áliðnum vetri.

Þá eru dægursveiflur einnig einkennandi fyrir jökulár. Þegar sólfar er mikið að sumrinu, verða þær vatnsmestar við jökuljaðar um nónbil, en minnstar á morgnana skömmu eftir sólarupprás. Heildarvatnsmagn ársins er mikið í hlutfalli við stærð vatnasviðsins, og aurmagnnið er einnig mjög mikið.


Vatnshitinn er nálægt 0° C við jökuljaðar allt árið um kring. Lofthitinn á auðvelt með að hafa áhrif á vatnshitann, því að jökulár renna yfirleitt dreift. Frauðkenndar íshrannir myndast strax meðfram þeim eftir einnar nætur frost. Vatnsstaðan hækkar af grunnstingli og árnar leggur snemma að haustinu. Við útföllin úr jöklunum eru þó löngum vakir eða í ótraustur.

Það fyrirbæri jökulvatna, sem valdið hefur mestum ógnum hérlendis og borið hróður þeirra hæst erlendis, eru jökulhlaupin. Þau stafa aðallega af tvennu.

Í fyrsta lagi: Skriðjökull, sem skriður niður megin-dal og fram hjá mynni þverdals, girðir fyrir allt vatnrennsli úr þverdalnum, svo að þar verður uppstaða, jökullón. Loks, þegar vatnsstaðan hefur náð vissri hæð, megnar vatnið að brjótast áfram undir jökulinn.

Í öðru lagi: Vatn safnast saman á eldstöðvum inni í jöklinum. Á yfirborðinu er allt hulið jökli, en dæld eða hvilft er þó, að minnsta kosti stundum, inn í jökulinn, áður en hlaupið brýzt fram. Jökulhlaup





Mynd 1. 19—1. *a* Vatnajökull 8 400 km<sup>2</sup>, *b* Langjökull 1 000 km<sup>2</sup>, *c* Hofsjökull 980 km<sup>2</sup>, *d* Mýrdalsjökull 680 km<sup>2</sup>, *e* Drangajökull 190 km<sup>2</sup>, *f* Eyjafjallajökull 100 km<sup>2</sup>. Aðrir smærri jöklar eru sýndir, sem einstakir dýlar *other smaller glaciers are indicated by single dots.*

Jöklar þekja 11 800 km<sup>2</sup> eða 11,5% af flatarmáli landsins *total area covered by glaciers 11 800 km<sup>2</sup> or 11.5% of the country.*

Ár, sem jökulhlaup koma í, eru auðkenndar með ör *rivers of glacier bursts are indicated by an arrow.*

- |                                                     |                                           |
|-----------------------------------------------------|-------------------------------------------|
| 1. Skeiðará—Sandgígjukvísl o. fl. (Grímsvatnahlaup) | 5. Fjallsá (jökullón Breiðamerkurfjalls)  |
| 2. Súla—Sandgígjukvísl o. fl. (Grænalónshlaup)      | 6. Kolgríma (Vatnsdalshlaup)              |
| 3. Múlakvísl, Skálm, Hólmsá o. fl. (Kötluhlaup)     | 7. Hornafjarðarfljót (Gjánúpsvatn o. fl.) |
| 4. Skaftá (jökulhlaup úr Vatnajökli)                | 8. Djúpá (jökulhlaup úr Vatnajökli)       |

Örsjaldan koma jökulhlaup í eftirtalin vatnsföll *glacier bursts in the following rivers are very rare.*

- |                            |                           |
|----------------------------|---------------------------|
| 9. Jökulsá á Sólheimasandi | 12. Jökulsá á Fjöllum     |
| 10. Markarfljót            | 13. Ytri-Rangá (Heklugos) |
| 11. Ölfusá                 |                           |



Mynd 1. 19—2. Jökulvatn. Myndin er einkenandi fyrir greiningu jökulvatna á sandaurum. Slíkar jökulár nefnast **auravötn**. Þetta er Skeiðará séð úr lofti. Skaftafellsjökull til hægri. Skeiðarárjökull á miðri myndinni.

*An aerial view of the glacier river Skeiðará. The figure is characteristic of braided rivers on alluvial sands.*  
Aerial photo by V. Sigurgeirsson.

koma frá þessum stöðum samfara eldgosum, en auk þess með vissu árabili án sýnilegra eldsumbrota og svipar þá verulega til þeirra hlaupa, sem hér eru talin til fyrri flokksins.


Jökulhlaupin geta verið allt frá nokkrum tugum rúmmetra á sekúndu, upp í tugi þúsunda rúmmetra, þ. e. á borð við stærstu fljót heims, og vatnið nokkrir rúmkílómetrar að magni til. Aurburðurinn er þá ekki síður mikill og það svo, að stærstu jökulhlaupin, sem falla undir síðari flokkinn, færa strandlínuna á nokkrum klukkustundum allverulega til hafs. Jökulhlaup geta komið á hvaða tíma árs sem er.

#### JARÐMYNDUN

1. 20. Náttúrurannsóknir Þorvalds Thoroddsens, prófessors, á tveim síðustu áratugum 19. aldar, gáfu heilsteypta mynd af jarðfræði landsins.<sup>38</sup> Jarðfræðikort hans frá 1901 er eina jarðfræðikortið, sem til er af landinu öllu. Það auðveldaði verulega frekari náttúrurannsóknir, að nákvæmari landabréf voru gerð af

Íslandi, eftir að danska herforingjaráðið hóf hér landmælingar 1902. Vatnakerfið sást nú greinilega í fyrsta sinn á landabréfi, allt niður í smálæki. Og kom þá í ljós, að vatnanetið er mismunandi finriðað í hinum ýmsu landshlutum. Sú landfræði- og jarðfræðilega undirstaða, sem hér var fengin, leiddi til þess, að bergvötnunum var nú skipt í tvo undirflokk: *dragár* og *lindár*. Það var Guðmundur Kjartansson, jarðfræðingur, sem setti fram þessa skiptingu.<sup>39, 40</sup> Greiningin í dragár og lindár er af jarðfræðilegum toga spunnin og verður hvorki skýrð né skilin, nema jarðmyndun landsins sé athuguð.

Berggrunni Íslands má í aðalatriðum skipta í tvær myndanir, *blágrýtismyndunina* og *móbergsmyndunina*, og er þá hvor myndun kennd við þá bergtegund, sem algengust er í henni. Báðar eru að langmestu leyti gosmyndanir og yfirleitt úr *basaltiskum* bergtegundum.<sup>41,42</sup> Ísland er 103 000 km<sup>2</sup> að flatarmáli og skiptist hér um bil til helminga milli þessara tveggja bergmyndana, eins og séð verður af mynd 1. 20—1.



Mynd 1.20—1. Berggrunnur Íslands.

1 Blágrýtismyndunin. 2 Móbergsmyndunin: a eldri hlutinn, b móbergssvæðin.


*The bedrock formations of Iceland, by G. Kjartansson, 1956.*

1 Basalt Plateau, Tertiary (Eocene and younger).

2 Palagonite ("Móberg") Formation:

a older series, early Pleistocene (and late Tertiary?).

b younger series, Palagonite Areas, Pleistocene.



Mynd 1.20—2. Þversnið af berggrunni Íslands. 1 Blágrýtismyndunin. 2 og 3 Móbergsmyndunin.

*A cross-section of the bedrock of Iceland by G. G. Bárðarson 1927 and modified by G. Kjartansson 1952.*

1 Basalt formation. 2 and 3 "Móberg" formation.

Blágrýtismyndunin er *tertier* að aldri og er að mestum hluta úr blágrýtishraunum. Á svæðum blágrýtismyndunarinnar eru „U“-dalir einkennandi fyrir landslagið, þeir eru sorfnir út af jöklum á ísöld.

Í fjöllum eru regluleg klettabelti og hallar þeim víðast hvar lítið eitt inn til landsins. Á milli klettabeltanna finnst surtarbrandur á stöku stað og einnig hafa fundizt greinanlegar plóntuleitir í þunnum leirsteinslögum. Elztu jurtaleifarnar eru taldar frá eósen-tímanum, og er aldurinn samkvæmt því um 60 milljónir ára.

Berggrunnur blágrýtismyndunarinnar er tiltölulega vatnspéttur. Óverulegar djáseyrir koma þó víða fram á milli laga í fjallshlíðum. Í fjallendi og á hæðum yfirleitt er berggrunnurinn nakinn eða því sem næst. Vatnsgangur skolar lausum jarðefnum niður í dalina eða til hafs. Gróðurinn bindur ekki mikið vatn, því að hvergi eru skógar, svo talizt geti. Um sjálfgerða vatnsjöfnun er helzt að ræða í jarðveginum á heiðafllákum, þar sem leifar af ísaldarruðningi mynda smátjarnir og stöðuvötn, og í dalbotnum, þar sem bergskrið hefur girt þvert yfir dalina. Ár á svæðum blágrýtismyndunarinnar eru að langmestu leyti samsafn smálækja úr giljum og daladrögum og breytilegar eftir veðurfari, svonefndar dragár.

*Móbergsmyndunin* er yngri en blágrýtismyndunin og að mestu leyti kvarter. Í henni gætir mjög lausra gosefna (ösku, vikurs o. s. frv.), sem með tímanum hafa harðnað í svonefnt (gos)móberg. En þar er einnig allmikið af hörðnuðu seti, meðal annars jökulruðningi, og er það einnig talið til móbergs (í víðari merkingu), enda getur þetta berg líkzt mjög gosmóberginu.

Hinir eldri hlutar móbergsmyndunarinnar, t. d. á stóru svæði um austanverða Árnessýslu og vestanverða Rangárvallasýslu, eru að allmiklu leyti úr samfelldum basaltlögum (blágrýti og grágrýti), sem eru hraun að uppruna, en þykk setlög ýmiss konar á milli.<sup>39</sup> Á þessum elztu svæðum móbergsmyndunarinnar er berggrunnurinn allvel þéttur, líkt og í blágrýtismynduninni, og lindir og ár með svipuðu móti, yfirleitt dragár.

Öðru máli gegnir um nokkur stór svæði, sem talin eru yngstu hlutar móbergsmyndunarinnar. Eitt þeirra er á Norðurlandi og liggur frá Melrakkaslétu um Ódádahraun suður til Vatnajökuls. Tvö eru á Suðurlandi, annað suðvestur frá Vatnajökli til Mýrdals, Eyjafjalla og Heklu, hitt nær frá Langjökli út á Reykjaneskaga. Á þessum svæðum eru nær öll fjöll að langmestu leyti úr (gos)móbergi, sem heldur mjög illa vatni. Þarna hafa eldgos haldið áfram allt til vorra daga og jafnlendið er víða þakið hraunum fjalla á milli. Hraunin eru hriplek og gleypa nær undantekningarlaust allt vatn, sem á þau fellur, og það rennur meðanjarðar.

jafnvel svo tugum kílómetra skiptir. Hvíli hraunin á vatnspéttu undirlagi, kemur vatnið aftur fram við jaðar þeirra, þar sem hann liggur lægst. Afrennsli slíkra uppsprettulinda er stöðugt árið um kring, það myndar lindár.

Í einstökum fjöllum, svo sem Heklu, fellur vatnið meðanjarðar nálægt 1000 metrum, en víðast hvar skilar vatnið sér aftur til yfirborðsins án þess að tapa verulegri leguorku. Á Reykjaneskaga mun vera lítið um vatnsheld lög ofan sjávarmáls, því að þar er ekki teljandi yfirborðsrennsli til sjávar á strandlengjunni frá Þorlákshöfn til Hafnarfjarðar, þ. e. af 1330 km<sup>2</sup> svæði, og mun þar tapast meðanjarðar, beint til hafs, öllu meira vatn heldur en er í Soginu. Á sama hátt fer allt rennsli fram meðanjarðar á nálega 370 km<sup>2</sup> svæði norður á Melrakkaslétu og af nokkrum skikum í Kelduhverfi og Snæfellsnesi.

Hér hefur verið drepíð á nokkur helztu atriði úr jarðmyndunarsögu Íslands, og má ljóst vera, að mikill eðlismunur er á milli vatnsfalla í þessum tveim misvatnspéttu bergmyndunarsvæðum.

#### DRAGÁR

1. 21. Dragá, auðkennd „D“ í þessu riti, er á, sem hefur engin glögg upptök, heldur orðin til úr sytrum í lækja- og daladrögum, þar sem aðeins þunn jarðlög hylja vatnspéttan berggrunn.

Dragárnar fylgja því svæði blágrýtismyndunarinnar og hinum eldri og þéttari svæðum móbergsmyndunarinnar. Þær eru mjög háðar veðurfari, vaxa ört í rigningum, en svo hripar strax úr þeim, þegar styttr upp. Á sama hátt lagar vatnshitinn sig eftir lofthitanum. Það má með sannri segja, að þær eru heitar á sumrin en kaldar á vetrum. Skrið (krapaför) kemur fljótt í þær, er lofthitinn fer undir 0° C. Venjulegast sezt nokkur grunnstingull (sjá 1.4) í botninn áður en þær frjósa. Þær bólgnu mikið upp, en valda þó ekki eins tilfinnanlegum ágangi og ætla mætti. Sökum þess að farvegirnir eru svo miklir, að ágangurinn nær sjaldan út fyrir hæstu flóðamörk. Þær ná sér svo undir ísinn, vatnsstaðan lækkar, og ísinn fylgir eftir, og þá eru þær fyrirferðarlitlar meðan frost haldast, enda kornlitlar í löngum frostaköflum. Í hlákum vaxa þær skyndilega og sprengja upp íshelluna með miklum aðgangi, ryðja sig, sem kallað er. Stórflóð draganna bera fram mikinn aur, en þegar enginn vöxtur er í þeim, eru þær blátærar. Þær sverfa niður djúp gljúfur, þar sem landinu hallar verulega, en hlaða upp grjóteyrar niður á flatlendinu og bylta sér þar stöðugt til, þegar vöxtur er í vatni.

Dragárnar eru slæmar til virkjunar eða óhæfar með öllu. Þær verða ekki nýttar að ráði án stórra vatnsjöfnunargeyma.



Mynd 1.21—1. **Dragá.** Á myndinni sjást gróðurlausar eyrar, sem áin byltist um, þegar vöxtur er í vatni. Þetta er Skjöldalsá í Eyjafirði og Djúpidalur í baksýn.

**A direct run-off river.** *The figures shows a barren gravel area over-run by the river during floods.*

Photo by S. Rist.

#### LINDÁR

1. 22. Lindá, auðkennd hér „L“, er í flestu gjörólik dragánni. Lindárnar eiga glögg upptök, oft ólgandi lindir, og ná þá árnar fullri stærð skammt frá upptökunum. Vatnið er komið langan veg neðanjarðar. Það er mjög jafnt árið um kring og ónæmt fyrir duttlungum veðurfarsins frá degi til dags, jafnvel árstíðasveiflur jafnast út. Aðalheimkynni lindánna eru svæði gosmóbergins. Stöku lindár eru þó á svæðum blágrýtismyndunarinnar, þar sem hólagarðar bergskriðna girða fyrir dalbotna og valda neðanjarðarrensli.

Auk þess sem rennslið er stöðugt, er vatnshitinn við upptökin hinn sami vetur og sumar, *kaldavermsl.* Hiti flestra linda er á bilinu 3° til 5° C, háður jarðvegshita vatnasviðsins.

Lindár frjósa ekki nálægt upptökunum, hversu miklar hörkur sem ganga. Þegar ís leggst á árnar neðar í farveginum, helzt hann aðeins skamma stund. Um

leið og dregur úr frosti, taka þær að „éta af sér“, sem kallað er, og eru þá venjulega orðnar alauðar, áður en lofthitinn kemst upp fyrir 0° C. En komi það fyrir, að grunnstingull, íshröngl eða krap þrengi að farvegi lindánna, þá valda þær fljótt ágangi, því að vatnið stígur skjótt upp fyrir hæstu flóðamörk og tekur að flæða út úr farveginum.

Lindárnar eru lítt hæfar til að vikka út farvegi sína, aurburðurinn er sáralítill, helzt foksandur, enda eru ár foksandssvæðanna að öllum jafnaði lindár.

Vatn lindánna er mjög vel fallið til raforkunytja. Lindárnar eru eftirsóttar til virkjunar, þar sem fallhæð og önnur virkjunaraðstaða er fyrir hendi.

#### STÖÐUVÖTN

1. 23. Einkennisstafur stöðuvatna í þessu riti er „S“, og er hann notaður jöfnum höndum um stöðuvötnin sjálf og áhrif þeirra á rennlisháttu og ísa-



Mynd 1. 22—1. **Lindá.** Hér nær gróðurinn alveg niður að vatnsborðinu. Þetta er Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.  
**A spring-fed river.** *Vegetation reaches down to water level.*

Photo by S. Rist.

lagnir straumvatna. Hér á landi eru mörg stöðuvötn, en fá stór. Skálarnar, sem þau eru í, eru til orðnar á ýmsan hátt. Á svæði móbergsmýndunarinnar hafa dældirnar komið fram samfara eldsumbrotum eða afleiðingum þeirra, svo sem við landsig, og er hraunrennsli hefur girt af dældir og lægðir. Þessi vötn eru vogskorin og venjulegast misdjúp. Hring- eða sporöskjulaga gígötn eru algeng. Þau eru fremur lítil um sig en æði djúp. Á svæði móbergsmýndunarinnar eru enn fremur vatnaskálar, sem jöklar hafa grafið út. Þá eru á þessu jarðmyndunarsvæði vötn, sem eru að eðli sínu og háttum frábrugðin þeim, sem hér hafa verið nefnd. Flatarmál þeirra er breytilegt eftir árstímum. Í vorleysingum flæmast þau yfir víðáttumiklar sandflesjur, en minnka svo, er líða tekur á sumarið, og sum hverfa með öllu.

Á svæðum blágrýtismýndunarinnar ber mest á vatna-

skálum, sem jöklar hafa sorfið. Lóng og mjó dalvötn eru þannig til orðin. Á öldóttum heiðarflákum eru vötn og tjarnir í lautum milli ísaldarruðninga. Þau eru venjulegast grunn og leggur því snemma að vetrinum. Bergskrið hafa á nokkrum stöðum girt af dalbotna og myndað þar smá stöðuvötn. Þá eru nokkrar tegundir stöðuvatna, sem koma fyrir á báðum svæðunum, til dæmis jökullónin. Þar eru skriðjöklar að verki, sem loka fyrir vantsrennsli úr þverðölum. Skálar lónanna við jökulsporðana (ath. þau nefnast hér aðeins lón, aldrei jökullón), eru öðruvísi myndaðar, eins og sagt var í kalfanum um jökulvötnin hér að framan.

Við sjávarsíðuna eru víða lónavötn, sem eru skilin frá hafi af mjóum malarrifjum. Þessi stöðuvötn þekkjast eingöngu frá sjávarlónum á því, að vatnið í stöðuvötnum er ósalt eða mjög lítið salt.

Hin stærstu vötn landsins eru:

	Stærð	Myndun
Þingvallavatn . . . . .	82 km <sup>2</sup>	landsig, hraunstífla
Þórisvatn . . . . .	70 —	jökulsorfið, hraunstífla
Lögurinn . . . . .	52 —	jökulsorfið dalvatn
Mývatn . . . . .	38 —	hraunstífla, landsig
Hópið . . . . .	29 —	lónvatn
Hvítárvatn . . . . .	28 —	jökulsorfið
Langisjór . . . . .	27 —	landsig?
Grænalón . . . . .	18 <sup>1)</sup> —	jökullón
Skorradalsvatn . . . . .	14 —	jökulsorfið dalvatn
Apavatn . . . . .	14 —	jökulsorfið
Svínavatn . . . . .	12 —	jökulsorfið dalvatn
Öskjuvatn . . . . .	11 —	landsig
Vesturhópsvatn . . . . .	10 —	jökulsorfið dalvatn

Alls eru 27 vötn 5 km<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og rösklega 80 talsins eru 1 km<sup>2</sup> eða þar yfir.

Dýpi stöðuvatna hefur lítið verið kannað ennþá, en dýptarmælingar með bergmálmæli eru nú í þá mund að hefjast.


Áhrifa stöðuvatna gætir allverulega í mörgum ám og fljótum landsins. Ber þar fyrst að telja, hversu stöðuvötnin jafna rennslið. Verulegur hluti alls aurburðar, sem berst til stöðuvatnanna, sezt þar að, aðeins svifefnin (suspenduð) halda áfram með frárennslinu.

Stöðuvötn hafa allveruleg áhrif á ísalagnir ána. Viða hagar þannig til, að samtímis frýs að ánum og vötnin leggur, en þegar stöðuvötnin eru komin undir ís, ézt hann af ánum, og þær ganga opnar. Venjulegra er þó, að ís haldist á ánum, en aðeins smá vök sé stöðugt við útfallið.

Um stöðuvötn skrifar próf. Þorv. Thoroddsen í Lýsingu Íslands I, bls. 336–365. Þar er getið nokkurra innlendra og erlendra heimildarita varðandi einstök stöðuvötn. Talið er ástæðulaust að endurtaka þær tilvitnanir í þessu riti.

#### ÍSLENZK VÖTN, YFIRLIT

1. 24. Skilgreiningu þá á íslenskum vötnum, sem hér hefur verið skýrð, má setja fram á eftirfarandi hátt:



1) Stærð breytileg. Á síðari árum venjul. nokkru minna.

#### INTRODUCTION

1. 16. The rivers of Iceland are of various types. Rivers which run side by side to sea are often quite different. One river may from time to time have tremendous floods while the other will not change its flow, no matter how the weather is. The variability of the ice formations on the rivers is not less pronounced as one river may run quietly even under a thick ice while in the next neighbourhood the rivers may flow unfrozen all winter long. The basic causes of this variability of the nature of the rivers are the fire and the ice which have formed the country and between which a continuous struggle for power is carried on. The common and general hydrological phenomena in Iceland cannot be explained nor understood fully except by digging deep into the laws of the glaciers on one hand and on the other hand into the nature of ground water movements in the volcanic areas. It is not surprising to find that as time went by the language has formed special names for the different types of rivers. The names are so clear that with just one word — the name of the type — the nature of the river is so fully explained that long definitions are not necessary. In this paper the main points regarding this division are mentioned and it is also shown how the names are used in the book.

#### NON-GLACIER FED AND GLACIAL STREAMS

1. 17. Since early times the rivers of Iceland have been divided into two groups, non-glacier fed and glacier rivers. This division originates from the people as Sveinn Pálsson points out in his writings from 1792.<sup>5</sup> It is caused by the clay or mud ground by the moving glaciers from their beds which is carried by the rivers. Glacial streams are easily recognized by the colour. It is brown at the start but gets lighter farther down from the glaciers and sometimes it is even milky when the rivers are mixed to some extent with other water. The non-glacier fed rivers, on the other hand, are crystal-clear, some of them all year around, but others become darkbrown from mud for a few days each year, either from floods or from driftsand.

This division is caused by the climate. When the climate changes pure glacial streams may become purely non-glacier fed. Such change has been taking place in the last few years but only as far as small streams are concerned and mainly in regions where glaciers have at one time reached over mountain ridges and later retreated during the current

warm climatic period. In the same manner clear non-glacier fed rivers may become coloured by glacial clay when glaciers grow and reach their origin.

#### CLIMATE

1. 18. From Iceland's latitude one might think that arctic climate is prevailing in the country. The Arctic Circle touches the northernmost coast and a channel of 300 kilometers width only lies between Iceland and Greenland. Through this channel the East-Greenland Stream runs from north which transports icebergs from the polar seas southward so that it seems reasonable to suppose that the northwest coast has predominantly arctic weather. However, this is not the case.

The East-Greenland Stream is not entirely dominant in the channel. The submarine ridge between Iceland and Scotland causes a branch from the Gulf Stream to run along the west coast and east along the north coast. The annual mean temperature of the ocean along the coast is as follows: at the south coast  $7.4^{\circ}$  C, at the west coast  $6.2^{\circ}$  C, at the north coast  $4.7^{\circ}$  C and at the east coast  $4.5^{\circ}$  C. These measurements were made at a depth of 2–3 meters in the years 1949–1953.<sup>34</sup>

At the east coast a cold stream, the East-Iceland Stream runs from north. When this stream collides with warmer sea from south it turns east from the coast close to Eystra-Horn, see Krossanes fig. 1. 25–2. At the boundaries between the two streams the temperature difference is very sharp.

The climate in Iceland is a rainy island climate, the summers are rather cool and the winters warm. Continental climate is hardly anywhere to speak of although the difference between the weather in the outermost coastal regions and in the central mountain regions is quite pronounced. The depression zones which originate from the east coast of America move north across the Atlantic in the same direction as the Gulf Stream and north over to Iceland and bring great volumes of humid and warm air over the country. But the Polar Sea and Greenland, one of the earth's main sources of cold air, are not far away and therefore the weather depends on which dominate the warm southern or the cool northern wind. Mr. Jon Eythorsson, meteorologist, has written as follows about the changeability of the weather:<sup>35</sup>

“The weather and climate of Iceland are mostly determined by the “Great Powers” of cold and warm air to north and south. The weather is therefore very changeable and the monthly averages may fluctuate between wide extremes. In Reykja-

vik the average temperature of January 1918 was  $-8.8^{\circ}$  C against  $+3.1^{\circ}$  C in 1947. In Stykkisholmur the average temperature of March 1881 was  $-13.3^{\circ}$  C as compared with  $+5.5^{\circ}$  C in 1929.

